



Háhitasvæðin á Þeistareykjum, í Kröflu og Námafjalli

Vöktun á yfirborðsvirkni og grunnvatni

Háhitasvæðin á Þeistareykjum, í Kröflu og Námafjalli

Vöktun á yfirborðsvirkni og grunnvatni



ÍSOR-2013/037

Verknr.: 13-0117

Ágúst 2013

Lykilsíða



Skýrsla LV nr.:	LV-2013-091	Dags:	Ágúst 2013
Fjöldi síðna: 152	Upplag: 10	Dreifing:	☒ Birt á vef LV ☒ Opin ☐ Takmörkuð til
Titill:	Háhitasvæðin á Þeistareykjum, í Kröflu og Námafjalli. Vöktun á yfirborðsvirkni og grunnvatni.		
Höfundar/fyrirtæki:	Sigurður G. Kristinsson, Þráinn Friðriksson, Magnús Ólafsson, Sveinborg Hlíf Gunnarsdóttir og Steinþór Nielsson.		
Verkefnisstjóri:	Sigurður H. Markússon f.h. LV	Magnús Ólafsson f.h. ÍSOR	
Unnið fyrir:	Unnið af Íslenskum orkurannsóknnum fyrir Landsvirkjun		

Samvinnuaðilar:


Útdráttur: Jarðhiti á Þeistareykjum, í Kröflu og Námafjalli hefur verið kortlagður og kannaður nokkrum sinnum á síðustu áratugum. Tilgangurinn er að fylgjast með breytingum á jarðhitavirkninni. Jarðhitinn er síbreytilegur af náttúrulegum ástæðum, svo sem eldvirkni og jarðhniki, en einnig vegna vinnslu vökva úr jarðhitasvæðunum. Árið 2012 voru gerðar ítarlegar rannsóknir á jarðhitavirkni á Þeistareykjum, útbreiðsla jarðhitans var kortlögð og teknar myndir m.a. með hitamyndavél. Koldíoxíðflæði um jarðveg var mælt og tekin sýni úr sex gufuaugum. Í Kröflu og Námafjalli voru einnig teknar hitamyndir af yfirborðsjarðhitunum og fáein sýni tekin úr gufuaugum á hvoru svæði og borin saman við fyrri mælingar. Grunnvatn í Mývatnssveit er kannað árlega og var svo einnig gert 2012 í þeim tilgangi að meta áhrif frá affallsvatni frá Kröflu- og Bjarnarflagsvirkjunum. Í skýrslunni er einnig gerð grein fyrir athugunum á efnasamsetningu grunnvatns í Þeistareykjasprungusveim í Kelduhverfi til að hafa til viðmiðunar í framtíðinni þegar vinnsla er hafin á Þeistareykjum. Vöktunin 2012 sýnir engar meiri háttar breytingar frá fyrri árum. Jarðhitavirknin hefur í heildina frekar dvínað á öllum svæðunum. Ásýnd jarðhitans er reyndar mjög háð veðurskilyrðum hverju sinni og vera má að vegna mikilla þurrka þegar athuganir fóru fram hafi virkni hans sýnst minni en áður. Á fáeinum jarðhitaskellum á svæðunum er þó aukning í jarðhitavirkninni. Yfirlit með efnasamsetningu grunnvatns síðustu áratugina sýnir að vatn í lindum við Mývatn og grunnvatn vestan Námafjalls hefur ekki orðið fyrir neinum áhrifum frá jarðhitavatni frá Bjarnarflagsvirkjun eða Kröfluvirkjun hvað varðar styrk arsens og áls.

Lykilorð:

Þeistareykir, Krafla, Námafjall, Bjarnarflag, Mývatnssveit, Kelduhverfi, yfirborðsvirkni, gasflæðimælingar, gufusýni, grunnvatn, hitamyndir

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra
Landsvirkjunar

Undirskrift verkefnisstjóra 	Yfirfarið af HÁ, AKM, BS
--	-----------------------------

Efnisyfirlit

1	Inngangur	11
2	Þeistareykir.....	13
2.1	Yfirborðsvirkni á Þeistareykjum	13
2.1.1	Misgengi suðvestan Randa og jarðhitinn við Hitur.....	15
2.1.2	Randir	17
2.1.3	Tjarnarás.....	21
2.1.4	Bæjarfjall.....	26
2.1.5	Ketilfjall	33
2.1.6	Niðurstöður	38
2.2	Efnasamsetning gufu úr gufuaugum á Þeistareykjum	38
2.2.1	Sýnatökustaðir á Þeistareykjum	38
2.2.2	Gufuefnagreiningar	45
2.3	Gasflæði um jarðveg á Þeistareykjum.....	51
2.3.1	Almennt um gasflæðimælingar	51
2.3.2	Gasflæðimælingar á Þeistareykjum	51
2.4	Niðurstöður gasflæðimælinga	52
3	Krafla	55
3.1	Yfirborðsvirkni í Kröflu.....	55
3.1.1	Leirbotnar.....	56
3.1.2	Leirhnjúkur	56
3.1.3	Vítismór.....	58
3.1.4	Vítissvæði.....	58
3.1.5	Hveragil.....	60
3.1.6	Vesturhlíðar Kröflu.....	61
3.1.8	Hvíthólar	64
3.1.9	Niðurstöður	64
3.2	Efnasamsetning gufu úr gufuaugum í Kröflu	65
3.2.1	Sýnatökustaðir í Kröflu.....	65
3.2.2	Gufuefnagreiningar	69
4	Námafjall	74
4.1	Yfirborðsvirkni í Námafjalli.....	74
4.1.1	Austurgrundir	75
4.1.2	Hverir	76
4.1.3	Námafjall.....	79
4.1.4	Bjarnarflag.....	83
4.1.5	Jarðbaðshólar.....	87
4.1.6	Niðurstöður	87
4.2	Efnasamsetning gufu úr gufuaugum í Námafjalli	87
4.2.1	Sýnatökustaðir.....	87

4.2.2 Niðurstöður efnagreininga.....	92
5 Vöktun grunnvatns í Mývatnssveit og Kelduhverfi	96
5.1 Mývatnssveit.....	97
5.2 Kelduhverfi	108
6 Helstu niðurstöður.....	112
6.1 Þeistareykir	112
6.2 Krafla.....	112
6.3 Námafjall	113
6.4 Eftirlit með grunnvatni.....	113
6.4.1 Mývatnssveit	113
6.4.2 Kelduhverfi.....	113
7 Heimildir	114
Viðauki 1: Yfirborðsathuganir á Þeistareykjum 2012.....	118
Viðauki 2: Niðurstöður gasflæðimælinga um jarðveg á Þeistareykjum	133
Viðauki 3: Eldri gufuefnagreiningar	146
Viðauki 4: Kort: Þeistareykir - Krafla - Námafjall	150

Töflur

Tafla 1. Sýnatökustaðir á Þeistareykjum.....	40
Tafla 2. Efnasamsetning gufusýna frá Þeistareykjum 2012.....	46
Tafla 3. Sýnatökustaðir í Kröflu.	65
Tafla 4. Efnasamsetning gufusýna frá Kröflu 2012.	70
Tafla 5. Sýnatökustaðir í Námafjalli	87
Tafla 6. Efnasamsetning gufusýna frá Námafjalli 2012.....	93
Tafla 7. Umhverfismörk fyrir málma í yfirborðsvatni til verndar lífríki.....	98
Tafla 8. Niðurstöður efnagreininga á affallsvatni og vatni úr borholum, gjám og lindum í Mývatnssveit í júní 2012. Styrkur er í mg/L.	101
Tafla 9. Niðurstöður efnagreininga á affallsvatni og vatni úr borholum, gjám og lindum í Mývatnssveit í október 2012.....	103
Tafla 10. Niðurstöður efnagreininga á sýnum úr gjám og lindum í Kelduhverfi haustið 2012.	111

Myndir

Mynd 1. Yfirlitskort yfir þau svæði sem fjallað er um í þessari skýrslu.	12
Mynd 2. Jarðhitakort af Þeistareykjum frá 2007 með kortlagningu 2012 til samanburðar.....	14
Mynd 3. Gufueimur kemur upp úr N-S misgengi sem liggur samsíða veginum að holum ÞG-8 og ÞG-2 vestast á svæðinu.	15
Mynd 4. Hitur: Heit gufa kemur upp á litlu svæði í hrauninu um 400 m sunnan við ÞG-8.	16
Mynd 5. Ummyndunarsvæði um 2 km norðan við Hitur og 500 m NA af ÞR-7.	17

Mynd 6. Dæmigerður jarðhiti á Röndum norðvestan við Bæjarfjallið	18
Mynd 7. Meginþorri leirhvera á Röndum sumarið 2012 var vatnslítill og þurr.....	18
Mynd 8. Randir séðar ofan af Bæjarfjalli. Lambafjöll í baksýn.	19
Mynd 9. Sunnarlega á jarðhitasvæðinu á Röndum einkennist jarðhitavirkni af ljósum leirskellum.	19
Mynd 10. Syðsti hluti Tjarnaráss um 250 m frá Bæjarfjalli.....	22
Mynd 11. Tjarnarás; horft til norðurs.	23
Mynd 12. Tjarnarás norðanverður um 1500 m norðvestan við Bæjarfjall, horft til suðurs.....	23
Mynd 13. Yfirlitsmynd af Tjarnarási og svæðinu norðvestan við Bæjarfjall	24
Mynd 14. Jarðhitinn í norðanverðu Bæjarfjalli kemur aðallega fram á tveimur línun með N-S stefnu.....	27
Mynd 15. Jarðhitinn á eystri línunni í norðanverðu Bæjarfjalli einkennist af mikilli ummyndun í leir og fjölda gufu-, leir- og brennisteinshvera.....	27
Mynd 16. Jarðhitinn í norðanverðu Bæjarfjalli og á grundinni fyrir framan fjallið.....	29
Mynd 17. Brennisteinshverir á Neðri-Bóndhól. Bóndhólsskarð í baksýn.	29
Mynd 18. Sléttan fyrir neðan Neðri-Bóndhól. Parna er töluverð gufu- og leirhveravirkni.	30
Mynd 19. Neðri-Bóndhóll og sléttan norðvestan við hann.	30
Mynd 20. Svæðið 150 m norðan við Neðri-Bóndhól.....	31
Mynd 21. Jarðhiti í vesturhlíð Ketilfjalls.	34
Mynd 22. Áberandi brennisteinsútfellingar á jarðhitasvæðinu í vestanverðri hlíð Ketilfjalls.	34
Mynd 23. Guflu- og leirhverir (tveir stórir leirhverir) rétt norðan holu ÞG-7.....	35
Mynd 24. Gömul og kulnuð ummyndun og hiti í jörðu (<50°C) rétt utan við mesta jarðhitann norðan borteigs.....	35
Mynd 25. Brennisteinspúfur og mikil ummyndun sem einkennist af rauðum og ljósum leir á sléttum vestan Ketilfjalls.....	36
Mynd 26. Jarðhiti rétt sunnan við borteig ÞG-3, ÞG-6 og ÞG-7.....	36
Mynd 27. Sölnandi gróður er merki um að jarðhitavirknin sé að breytast eða færast.	37
Mynd 28. Volgar lindir í hlíðarfæti Ketilfjalls. Mesti hiti er 37,5°C.....	37
Mynd 29. Gufuaugu á Þeistareykjum.....	39
Mynd 30. Sýnataka úr auga Þ G-101 sunnan við skálann á Þeistareykjagrundum.	41
Mynd 31. Sýnataka úr gufuauga Þ G-102 í hlíðum Ketilfjalls.....	41
Mynd 32. Sýnataka úr gufuauga Þ G-103 syðst á Tjarnarási.....	42
Mynd 33. Sýnataka úr gufuauga Þ G-103 syðst í Tjarnarási nærri Bæjarfjalli.....	42
Mynd 34. Horft yfir leirflag norðan Neðra-Bóndhóls.	43
Mynd 35. Sýnataka úr gufuauga Þ G-105 við vesturjarðar ummyndunarsvæðisins á Röndum vestan Bæjarfjalls.	43
Mynd 36. Undirbúningur sýnatöku úr auga Þ G-105.	44
Mynd 37. Jarðefnafræðingur stendur vinstra megin við gufuauga Þ G-106.	44
Mynd 38. Styrkur CO ₂ í guflu frá gufuaugum á Þeistareykjum.....	47
Mynd 39. Styrkur H ₂ S í guflu frá gufuaugum á Þeistareykjum.	48
Mynd 40. Styrkur H ₂ í guflu frá gufuaugum á Þeistareykjum.....	48
Mynd 41. Styrkur N ₂ í guflu frá gufuaugum á Þeistareykjum.....	49
Mynd 42. Súrefnissamsættuhlutföll í guflu frá gufuaugum á Þeistareykjum.	50

Mynd 43. Vetrissamsætuhlutföll í gufu frá gufuaugum á Þeistareykjum.	50
Mynd 44. Niðurstöður mælinga á gasflæði um jarðveg á Þeistareykjum í ágúst 2012.	53
Mynd 45. Gasflæði um jarðveg og jarðvegshitastig á Þeistareykjum í ágúst 2012.	54
Mynd 46. Jarðhitakort af Kröflu.	55
Mynd 47. Leirhnjúkur. Hveravirkni er einna mest við hnjúkinn austanverðan.	57
Mynd 48. Gufuvirkni í gossprungunni frá Kröflueldum 1975–1984. Leirhnjúkur í baksýn.	57
Mynd 49. Jarðhitinn norðan við Víti einkennist af ummynduðum leir- og gufuaugum í heitum skellum.	59
Mynd 50. Yfirlitsmynd af Tviburavötnum.	59
Mynd 51. Litla-Víti	60
Mynd 52. Virkni á móts við Litla-Víti. Mikill hiti (70–98°C) en lítil gufa.	60
Mynd 53. Ummyndun og hveravirkni í Hveragili ofanverðu. Horft til norðurs.	61
Mynd 54. Hitaskellur í Hveragili.	61
Mynd 55. Yfirlitsmynd af vesturhlíðum Kröflu tekin af vesturbarmi Hveragils.	61
Mynd 56. Gufuvirkni við Hvíthóla.	64
Mynd 57. Gufuaugu í Kröflu	66
Mynd 58. Leirhnjúkur.	67
Mynd 59. Sýntaka úr gufuauga K G-101. Horft til norðausturs.	68
Mynd 60. Gufuauga K G-102 í suðurhlíðum Kröflu.	68
Mynd 61. Gufusýntaka í undirbúningi við gufuauga K G-103 við Tviburavötn	69
Mynd 62. Styrkur CO ₂ í gufu frá gufuaugum í Kröflu frá 1978–2012.	71
Mynd 63. Styrkur H ₂ S í gufu frá gufuaugum í Kröflu frá 1978–2012.	72
Mynd 64. Styrkur H ₂ í gufu frá gufuaugum í Kröflu frá 1978–2012.	73
Mynd 65. Styrkur N ₂ í gufu frá gufuaugum í Kröflu frá 1978–2012.	73
Mynd 66. Jarðhitakort af Námafjallssvæðinu frá 2010.	74
Mynd 67. Hverir og jarðhitinn á Austurgrund. Myndin er tekin af Mið-Kollu.	77
Mynd 68. Jarðhitaskellurnar á Austurgrund í forgrunni en austurhlíð Námafjalls myndar bakgrunn og gnæfir Mið-Kolla hæst til vinstri með Syðri- og Ytri-Kolla beggja vegna.	77
Mynd 69. Námafjall. Horft ofan af Mið-Kollu til norðurs.	79
Mynd 70. Námafjall. Horft til norðurs frá Syðri-Kollu.	80
Mynd 71. Námafjall. Horft til vesturs.	80
Mynd 72. Námafjall. Horft til norðurs frá Ytri- Kollu.	81
Mynd 73. Gil austan við „Gamla bakaríið“ og norðan við holu B-9	84
Mynd 74. Ofan við „Gamla bakaríið“ er töluverð virkni sem einkennist af heitri jörð (>90°C) með gufu og brennisteini.	84
Mynd 75. Gufuaugu í Námfjalli og Bjarnarflagi.	88
Mynd 76. Sýntaka úr gufuauga N G-101 á norðanverðum hrygg Námafjalls.	89
Mynd 77. Jarðefnafræðingur sýslar við gufuauga N G-102 ofarlega í gili í Námafjalli austanverðu. Horft til suðvesturs.	90
Mynd 78. Sýntaka úr gufuauga N G-102. Horft til austurs til Jörundar.	90
Mynd 79. Jarðefnafræðingur undirbýr sýnatöku úr gufuauga N G-103. Horft til suðurs. S	91
Mynd 80. Sýntaka úr gufuauga N G-103. Horft norður eftir gili.	91

Mynd 81. Styrkur CO ₂ í gufu frá gufuaugum í Námafjallssvæði frá 1995–2012.....	94
Mynd 82. Styrkur H ₂ S í gufu frá gufuaugum í Námafjallssvæði frá 1995–2012.	95
Mynd 83. Styrkur H ₂ í gufu frá gufuaugum í Námafjallssvæði frá 1995–2012.	95
Mynd 84. Styrkur N ₂ í gufu frá gufuaugum í Námafjallssvæði frá 1995–2012.	96
Mynd 85. Sýnatökustaðir í Mývatnssveit.....	100
Mynd 86. Styrkur arsens í sýnum af affallsvatni og af vatni úr LUD-4 frá árunum 1997–2012 ásamt umhverfismörkum I og II.....	105
Mynd 87. Styrkur arsens í vatni úr holum AB-2 og LUD-4 og lindum við Mývatn frá árinu 1997–2012 ásamt umhverfismörkum I og II.....	105
Mynd 88. Styrkur arsens í lindum við Mývatn og í vatni úr holum AB-2, LUD-2 og LUD-3 á árunum 1997–2012 ásamt umhverfismörkum I.	106
Mynd 89. Styrkur arsens í vatni frá skiljustöð í Kröflu og úr holu LUD-4 á árunum 2001–2012 ásamt skekkjumörkum greininga.	106
Mynd 90. Styrkur áls í affallsvatni og LUD-4 og AB-2 á árunum 1997–2012 ásamt tillögum Löfgren og Lydersen (2002) fyrir umhverfismörk fyrir lax/skálga (I) og silung/aborra (II).....	107
Mynd 91. Styrkur áls í vatni linda við Mývatn og holum AB-2, LUD-2 og LUD-3 á árunum 1997–2012 ásamt tillögum Löfgren og Lydersen (2002) fyrir umhverfismörk fyrir lax/skálga (I) og silung/aborra (II).	107
Mynd 92. Sýnatökustaðir í Kelduhverfi haustið 2012.	109
Mynd 93. Styrkur arsens í vatni úr lindum í Kelduhverfi frá árinu 2007–2012 ásamt umhverfismörkum I.....	110
Mynd 94. Styrkur áls í vatni úr lindum í Kelduhverfi frá árinu 2007–2012 ásamt umhverfismörkum I og II.	110

Hitamyndir 1. Myndirnar eru teknar ofan af Bæjarfjalli vestanverðu	20
Hitamyndir 2. Framhald af Röndum og Tjarnarás í framhaldi af Röndum til norðurs	21
Hitamyndir 3. Efstu myndirnar sýna syðsta hluta Tjarnaráss niðri á sléttunni.	25
Hitamyndir 4. Norðurhlíð Bæjarfjalls.....	28
Hitamyndir 5. Jarðhitinn norðan við Bæjarfjall.....	32
Hitamyndir 6. Jarðhitinn í austanverðum Leirhnjúk.....	58
Hitamyndir 7. Vesturhlíðar Kröflu.	62
Hitamyndir 8. Suðurhlíðar Kröflu.	63
Hitamyndir 9. Austurgrundir	75
Hitamyndir 10. Hverir séðir ofan af Mið-Kollu Námafjalls.	76
Hitamyndir 11. Jarðhitinn í Námafjalli austanverðu og á Hverum	78
Hitamyndir 12. Jarðhitinn ofan á Námafjalli.....	82
Hitamyndir 13. Vesturhlíð Námafjalls. Jarðhitinn er einna mestur efst í fjallinu.....	83
Hitamyndir 14. Myndir teknar frá Syðri-Námakollu til vesturs.....	85
Hitamyndir 15. Myndir teknar frá Jarðbaðshólum í átt að gufuaflstöðinni (til norðurs) í Bjarnarflagi og svo til austurs upp í Krummaskarð og þá í átt að vesturhlíðum Námafjalls.....	86

1 Inngangur


Í þessari skýrslu er greint frá athugunum á yfirborðsvirkni jarðhitans á þremur jarðhitasvæðum á Norðausturlandi, þ.e. Þeistareykjum, Kröflu og Námafjalli, sem og vöktun grunnvatns í Mývatnssveit og Kelduhverfi á árinu 2012 (mynd 1). Niðurstöður ársins 2012 eru bornar saman við eldri athuganir á svæðunum sem ná mislangt aftur í tímann eftir atvikum. Tilgangurinn er að kortleggja virknina og fylgjast með þeim breytingum sem hafa orðið á jarðhitavirkni og efnasamsetningu grunnvatns á þessum svæðum undanfarin ár og áratugi hvort heldur sem er af náttúrulegum orsökum eða af völdum jarðhitanýtingar. Niðurstöðurnar leggja síðan grunn að frekara eftirliti til framtíðar.

Sumarið 2012 voru gerðar ítarlegar athuganir á jarðhitavirkni á Þeistareykjum en yfirferð í Kröflu og Námafjalli var lauslegri. Jarðhitastaðir á Þeistareykjum voru skoðaðir og þeim lýst, gerðar hitamælingar og teknar myndir með hitanæmri myndavél sem nemur innrauða geislun. Hitamyndir voru einnig teknar af jarðhitavirkni í Kröflu og Námafjalli og athuganir gerðar á helstu jarðhitastöðum. Í öllum tilfellum var leitast við bera virknina saman við eldri lýsingar.

Gufusýni voru tekin úr gufuaugum á jarðhitasvæðunum þremur og efnasamsetning gufu borin saman við eldri efnagreiningar frá sömu slóðum. Efnasamsetning gufu stjórnast m.a. af hitastigi í jarðhitakerfinu og langtímabreytingar á gufunni gefa því vísbendingar um þróun hita í kerfunum. Þá komu fram miklar breytingar á gufusamsetningu í tengslum við elds-umbrotin í Kröflu, sem enn eimir eftir af, og er markmið eftirlitsins með efnasamsetningu gufu einnig að fylgjast með því hvernig þeim breytingum vindur fram.

Gasflæði um jarðveg var mælt á Þeistareykjum sumarið 2012 en slíkar mælingar hafa áður verið gerðar í Kröflu og Námafjalli. Gasflæði frá jarðhitakerfum gefur vísbendingar um virkni kerfanna, þ.e. hversu mikil gufa myndast í þeim. Gasflæðimælingar eru sérstaklega heppilegar til eftirlits af þessu tagi þar sem auðvelt er að bera þær saman milli ára.

Gerðar voru mælingar á efnasamsetningu grunnvatns í Mývatnssveit og affallsvatni frá virkjunum í Kröflu og Bjarnarflagi í þeim tilgangi að kanna áhrif frá affallsvatni á grunnvatnið. Þá er einnig greint frá niðurstöðum samskonar vöktunar á grunnvatni í Kelduhverfi en þær eru gerðar til að leggja grunn að eftirliti með áhrifum áætlaðrar virkjunar á Þeistareykjum á grunnvatn. Vöktun á grunnvatni í Mývatnssveit hefur farið fram í núverandi mynd frá árinu 2003 og í Kelduhverfi frá 2007. Niðurstöður ársins 2012 eru bornar saman við eldri niðurstöður.



Mynd 1. Yfirlitskort yfir þau svæði sem fjallað er um í þessari skýrslu.


2 Þeistareykir

2.1 Yfirborðsvirkni á Þeistareykjum

Á Þeistareykjum hefur áður verið gerð úttekt á yfirborðsvirkninni og birtust niðurstöðurnar í skýrslu Orkustofnunar frá 1984 (Gestur Gíslason o.fl., 1984). Einnig gerði Kristján Sæmundsson jarðfræðiyfirlit árið 2007 þar sem jarðhitakort af svæðinu var uppfært frá 1984 (Kristján Sæmundsson, 2007) og er kort Kristjáns notað sem grunnur í þessari skýrslu.

Á Þeistareykjum var farið yfir allt svæðið á tímabilinu 9.–13. ágúst 2012, þar sem jarðhitavirkni á yfirborði hefur áður verið getið, jarðhitenum lýst og hann flokkaður með sama hætti og á korti Kristjáns Sæmundssonar (2007). Jarðhitasvæðinu á Þeistareykjum er skipt upp í eftirfarandi undirsvæði: Hitur, Randir, Tjarnarás, Bæjarfjall og Ketilfjall (sjá mynd 2). Hiti var mældur í gufuaugum, hverum og jarðhitaskellum sem og á ummynduðum svæðum til að staðfesta virkan jarðhita á öllum stöðunum. Einnig voru teknar myndir með hitanæmri myndavél af jarðhitastöðunum. Hitamyndir af jarðhitenum voru teknar seint að kvöldi eða á nóttunni til að sía frá sólaráhrif dagsins og sýna myndirnar vel dreifingu jarðhitans. Hitamyndirnar voru teknar á FLIR ThermoCAM T-360 myndavél sem nemur innrauða geislun.

Vert er að taka með í reikninginn að sumarið 2012 var mjög þurrt og hafði ekki rignt í margar vikur þegar feltvinnan fór fram. Því er ljóst að ásýnd margra hverasvæðanna var önnur en hún er að öllu jöfnu. Á mynd 2 má sjá þau jarðhitafyrirbæri sem kortlögð voru árið 2012 í samanburði við kort Kristjáns Sæmundssonar frá 2007. Staðsetning og stefna myndatöku-staða með hitamyndavél er einnig sýnd á mynd 2. Allar athuganir á einstökum jarðhita-stöðum sem gerðar voru á Þeistareykjum 2012 er að finna í töflu V-1 í viðauka 1 þessarar skýrslu ásamt hnitum staðanna. Upphaflega stóð til að mæla snjóafbræðslu á svæðinu í fyrstu snjóum að hausti en það tókst ekki vegna gríðarlegs fannfergis strax í byrjun september 2012.



Mynd 2. Jarðhitakort af Þeistareykjum frá 2007 með kortlagningu 2012 til samanburðar.

2.1.1 Misgengi suðvestan Randa og jarðhitinn við Hítur

Gufueimur kemur upp úr misgengi með N-S stefnu sem liggur vestan og samsíða veginum sem liggur að holum ÞG-8 og ÞG-2. Syðstu jarðhitaummerki eru nærri gatnamótunum þar sem vegur af Hólasandi skiptist annars vegar til Bæjarfjalls og hinsvegar að holum ÞG-8 og ÞG-2 (mynd 2). Hitinn í syðsta gufuuppstreyminu var um 54°C og lagði þar upp lyktarlausa gufu sem líklegast á uppruna sinn í heitu og jafnvel sjóðandi grunnvatni. Næstu 300 m til norðurs mátti fylgja misgenginu og hitanum eftir. Eftir því sem norðar dregur lækkar misgengisstallurinn en ummyndun eykst og hitinn hækkar. Hitinn fór mest upp í 90,5°C. Þessi virkni fjarar út á móts við virknina í Röndum sem er undir norðvestanverðu Bæjarfjalli. Það má sjá glitta í heita bletti á misgenginu vestan Randa í bakgrunni á nokkrum hitamyndum af Röndum (sjá hitamyndir 1).



Mynd 3. Gufueimur kemur upp úr N-S misgengi sem liggur samsíða veginum að holum ÞG-8 og ÞG-2 vestast á svæðinu. Misgengið er með austurfalli en á myndinni er horft til suðurs. Misgengisstallurinn sést vel frá veginum meðfram Bæjarfjalli.

Norðvestar, eða sunnan við borholu ÞG-8, eru nokkur lítil hitasvæði í hrauninu, kennd við Hitur, þar sem heit, lyktarlaus gufa streymir upp til yfirborðs (mynd 2). Hitinn er víðast hvar um 40–70°C en mældist hæstur 75°C á tveimur stöðum (mynd 4). Væg ummyndun er á hluta svæðisins. Á jarðhitakorti Gests Gíslasonar og fl. (1984) er sýnd samfelld snjóafbræðsla frá misgengisstallinum vestan við Randir að jarðhitanum í Hitum en ekki sáust nein ummerki um hita á þessum slóðum sumarið 2012. Fróðlegt væri að kanna aftur hvernig snjóafbræðsla er á svæðinu og bera saman við það sem sýnt er á kortinu frá 1984. Reyndar stóð til að gera snjóafbræðslukort af svæðinu haustið 2012 en vegna fannfergis strax í septemberbyrjun varð ekkert úr því.



Mynd 4. Hitur: Heit gufa kemur upp á litlu svæði í hrauninu um 400 m sunnan við ÞG-8. Hæstur hiti, um 75°C, var mældur í hraunkolli.

Um tveimur kílómetrum norðan við Hitur (sjá mynd 2) er ummyndunarblettur sem var merktur heitur (snjóafbræðsla og gufa <90°C) á korti frá 1984 en gufu- eða leirhver á korti frá 2007. Á þessum stað mældist 2012 einungis velgja í vatnsfylltri skál þar sem mesti hiti var 27°C (mynd 5). Hiti í jarðvegi var nærri lofthita. Það er greinilegt að hér hefur kólnað frá fyrri mælingum.



Mynd 5. Ummyndunarsvæði um 2 km norðan við Hitur og 500 m NA af ÞR-7. Ummyndun er mikil og einkennist af dökkrauðum leir en enginn verulegur hiti mældist á svæðinu. Skálin, sem hitinn (27°C) mældist í ágúst 2012, var hálf full af vatni. Pollurinn var að minnsta kosti 1,5 m á dýpt.

2.1.2 Randir

Jarðhitavirknin á Röndum virðist tengjast misgengi með NNA-læga stefnu og falli til vesturs (mynd 2). Jarðhitinn og gufueimurinn, sem kemur upp suðvestan og vestan við Randir og lýst er í kafla 3.1.1, er á misgengi með falli til austurs og myndast smá sigdæld þarna á milli misgengjanna sem þrengist til suðurs (sjá mynd 2). Á Röndum eru fjölmargir leir- og brennisteinshverir og ummyndun mikil. Ummyndunin einkennist aðallega af rauðum og gráum leir. Virknin kemur upp í tveimur nánast samsíða línunum með 30–50 m bili. Inni á milli er köld leirumyndun en á línunum er nánast samfeld virkni sem þó myndar hverapýrpingar með meiri virkni. Hitinn í virkum leir- og brennisteinshverum er yfir 95°C í flestum tilfellum. Gufuaugu voru ekki aflmikil og flestir leirhverir vatnslitlir en slettu þó leir. Nokkrir leirhverir voru þó vatnsfylltir (sjá myndir 6 og 7) en dreifing þeirra var nokkuð jöfn yfir svæðið. Miðað við kort Kristjáns Sæmundssonar (2007) nær hitinn núna um 100 m lengra til suðurs frá ummyndunarsvæðinu en hann var var mestur 97°C. Á korti Kristjáns eru hinsvegar sýndir gufu- eða leirhverir austan við þennan stað (við veginn) sem og gufueimur rétt við gatnamótin. Ekki var vart við hita á þessum stöðum.

Á myndum 6–9 má sjá yfirlit yfir jarðhitann en hann er umfangsmikill og ummyndun er nánast samfelld. Hitamyndir 1 sýna nokkrar hitamyndir af jarðhitnum á Röndum teknar ofan af Bæjarfjalli og er myndatökustaðurinn (1) sýndur á mynd 2.



Mynd 6. Dæmigerður jarðhiti á Röndum norðvestan við Bæjarfjallið, sem einkennist af leirhverum og heitum skellum.




Mynd 7. Meginþorri leirhvera á Röndum sumarið 2012 var vatnslítill og þurr en þó voru nokkrir hverir vatnsfylltir þrátt fyrir mikla þurrka en dreifing þeirra jöfn yfir svæðið.







Mynd 8. Randir séðar ofan af Bæjarfjalli. Lambafjöll í baksýn. Jarðhitinn teygir sig úr SSV í NNA og er mesta virknin bundin við tvær samsíða línur þó að ummyndun sé nokkuð samfelld.



Mynd 9. Sunnarlega á jarðhitasvæðinu á Röndum einkennist jarðhitavirkni af ljósum leirskellum. Jarðvegur er mikið ummyndaður í rauðan leir, gufuvirkni lítil og hiti allt að 97°C.



Hitamyndir 1. Myndirnar eru teknar ofan af Bæjarfjalli vestanverðu (myndatökustaður 1 á mynd 2) og sýna jarðhitann á Röndum sem raðast á tvær línur. Myndirnar skarast nokkuð og eru teknar frá suðvestri (1) til norðurs (6) (framhald á næstu síðu (hitamyndir 2)). Í bakgrunni mynda 1–4 má sjá glitta í hita á misgenginu vestan Randa.

	
1 Norðarlega á Röndum. Vegurinn með hlíðinni sést neðst á myndinni.	2 Norðarlega á Röndum.
	
3 Tjarnarás í framhaldi af Röndum en með aðra stefnu.	4 Tjarnarás, frh. til norðurs, Þeistareykjahraun .

Hitamyndir 2. Framhald af Röndum (1–2) og Tjarnarás í framhaldi af Röndum til norðurs (3–4). Myndir af Tjarnarási teknar á norðvesturhorni fjallsins (myndatökustaður 2 á mynd 2). Svæði með hæstum hita (hvítt og rautt) einkennist af gufu- og/eða leirhveravirkni.

2.1.3 Tjarnarás

Jarðhitinn í Tjarnarási kemur í beinu framhaldi norður af Röndum en þó með annarri stefnu syðst (mynd 2). Tjarnarásinn liggur í sveigðu misgengi þar sem suðurendinn stefnir frá Bæjarfjalli til NNV en sveigir síðan til norðurs og síðan norð-norðausturs. Fall misgengisins er til vesturs. Jarðhitinn á þessu misgengi er mestur næst Bæjarfjalli og nær þar upp í miðjar hlíðar fjallsins. Ummyndun á Tjarnarási er mikil og teygir sig um 2 km norður fyrir Bæjarfjall. Hún einkennist af ljósri og rauðri leirumyndun meðfram misgengisbrúninni sem hefur fall til vesturs. Myndir 10–13 sýna jarðhitavirkni á Tjarnarási og hitamyndir af Tjarnarási eru sýndar á hitamyndum 2 og 3.

Skipta má Tjarnarásnum upp í þrjá hluta. Fyrst ber að nefna suðurhluta svæðisins með NNV-læga stefnu og mikinn jarðhita syðst við Bæjarfjallið og upp í hlíðar þess þar sem koma fram stöku svæði með töluverðri virkni leir- og brennisteinshvera með hita yfir 90°C hita.

Annar hlutinn er miðbik svæðisins þar sem stöku gufu- og leirhverir og einstaka brennisteinshverir raðast á línu með NNV-læga stefnu. Virkni þessara hvera er lítil. Nyrsti hlutinn er nánast allur kaldur (almennur jarðvegshiti 10–15°C) fyrir utan einn stað um 1500 m NNV frá Bæjarfjalli með gufuvirkni og hita frá 50 upp í 97°C (mynd 12). Þar fyrir norðan byrjar misgengið að sveigja til NNA. Á jarðhitakortinu frá 2007 (mynd 2) er enginn hiti sýndur á norðanverðum Tjarnarási en á jarðhitakortinu frá 1984 er hiti sýndur á norðurhlutanum miðjum eins og sumarið 2012. Norðan við ummyndunina á ásnum er sýndur hiti sem og snjóafbræðsla á korti frá 1984. Engin velgja (<15°C) mældist þar sumarið 2012.



Mynd 10. Syðsti hluti Tjarnaráss um 250 m frá Bæjarfjalli. Ljósugulir brennisteinshverir eru áberandi á svæðinu. Lítil gufuvirkni en hiti >90°C.




Mynd 11. Tjarnarás; horft til norðurs. Mikil ummyndun sem einkennist af ljósum og rauðum leir. Á norðanverðum Tjarnarási er nánast engin jarðhitavirkni fyrir utan staka gufu- og leirhverir á afmörkuðu svæði þar sem ásin sveigist til norð-norðausturs (ljóst svæði aftast á myndinni).



Mynd 12. Tjarnarás norðanverður um 1500 m norðvestan við Bæjarfjall, horft til suðurs. Í forgrunni eru nokkrir ljósir, heitir blettir þar sem hiti í jörðu er frá 50–97°C. Ummyndunarskellur í hlíðum Bæjarfjalls fyrir miðri mynd eru syðsti hluti af virkninni á Tjarnarási.



Mynd 13. Yfirlitsmynd af Tjarnarási og svæðinu norðvestan við Bæjarfjall (lengst til vinstri og fjær sjást jarðhitaskellur í Röndum). Malarplan með hvítum tönkum vinstra megin á miðri mynd er borplan holu ÞG-2.



Hitamyndir 3. Efstu myndirnar sýna syðsta hluta Tjarnaráss niðri á sléttunni. Framhald myndanna er síðan til austurs að sæluhúsinu. Vinstra megin á mynd 5 má sjá borholuhús holna ÞG-4 og ÞG-5. Ofarlega á mynd 6, rétt ofan við jarðhitann, er sæluhúsið. Hæsti hiti samkvæmt hitamyndunum ($T > 20^{\circ}\text{C}$) eru rauðir og hvítir blettir á myndunum. Þeir eru allir við gufu- og leirhveru (myndir teknar frá myndatökustað 2 norðvestan í brúnum Bæjarfjalls).

2.1.4 Bæjarfjall

Jarðhitnum í og við Bæjarfjall má skipta upp í nokkur afmörkuð svæði en mestallur jarðhitinn liggur þó á milli tveggja misgengja með N-S læga stefnu sem mynda sigdal í toppi fjallsins (mynd 2). Misgengin eru þó fleiri innan sigdældarinnar. Jarðhitinn kemur aðallega fram á tveimur línunum sem liggja eins og misgengin (mynd 14, hitamyndir 4).

Á vestari línunni er meginvirknin á tveimur stöðum. Annar þeirra er í norðurhlíðum fjallsins ofarlega en teygir sig niður í gil. Þarna eru gufu- og leirhverir sem og brennisteinshverir sem eru hlutfallslega fleiri í hlíðinni. Virkni hvera er meiri neðarlega í hlíðinni. Hinn staðurinn er í gilskorningnum hjá skálanum og þar um kring. Þar eru aðallega gufu- og leirhverir. Á milli þessara svæða er töluverður hiti í jörðu (<95°C).

Jarðhitinn á eystri línunni er mun umfangsmeiri (mynd 15) og breiðir hann töluvert úr sér þegar niður á sléttuna er komið (500 x 300 m) og myndar þar nánast samfellt svæði með heitri jörð og skellum (mynd 2). Virkninni á eystri línunni má svo skipta upp í þrjú til fjögur svæði. Það efsta er ofarlega í norðurhlíðum fjallsins þar sem brennisteinshverir eru ráðandi en þar eru einnig umtalsverðar gífsútfellingar. Kristján Sæmundsson (2007) sýnir gufu/leirhverir uppi á brún Bæjarfjalls syðst á þessu svæði. Þeir voru ekki virkir sumarið 2012. Neðan við þetta er svo allstórt svæði sem nær upp í hlíðar fjallsins en einnig út á sléttuna. Þetta er stór leirskella með ótal gufu- og leirhvera (mismikil virkni innan leirskellunnar, sjá hitamyndir 4 og 5). Virkni næst fjallinu var þó nokkur en þar var vatn mest áberandi þrátt fyrir að almennt hafi vatnsstaðan í hverum verið lág. Hiti almennt í virkum gufu- og leirhverum var yfir 90°C en hærri í brennisteinshverum, yfir 95°C. Á þessu svæði er meginvirknin við fjallið, bergið er sundursoðið í leir, mest ljóslitaður leir en einnig rauður, og myndast hverasölt kringum gufuop.

Rétt norðar á sléttunni eru tveir staðir sem mætti líta á sem eitt svæði en þar sem ekki er samfella og virkni er mismunandi er þessu skipt hér í tvö svæði. Annars vegar er lítill hóll (Neðri-Bóndhóll). Á toppi hans er mikil brennisteinshveravirkni sem nær eilítið niður í hlíðar hólans, aðallega norðanmegin (>95°C, mynd 17). Hinsvegar er slétta norðvestan við hólinn þar sem er töluverð gufu- og leirhveravirkni á allstóru svæði (125–140 m á kant, mynd 18). Gufur og leirslettur úr hverum voru töluverðar þrátt fyrir lága vatnsstöðu en ekki var hægt að ganga um allt svæðið vegna heits leirs (mjúkur og ótryggur til göngu).

Um 150 m úti á sléttunni, í beinu framhaldi til norðurs, er þó nokkur jarðhiti sem kemur upp um hraunkoll (mynd 20). Svæðið er ekki stórt, eða um 50 m á annan veginn og 70 m á hinn. Ummyndun er ekki mikil enda kemur gufan upp um hraunkoll, nema rétt við hæsta hitann (95°C) en þar einkennist ummyndunin af rauðleitum leir og hverasöltum.

Á milli vestari og eystri jarðhitalínanna er svæði (100 x 60 m) niðri á sléttunni sem tengir þessi svæði saman í nánast einn samfelldan gufu- og leirhveraflekk með A-V læga stefnu (mynd 2). Virkni á þessu svæði var ekki mikil, aðallega leirhverir þar sem vatnsstaðan var lág.

Hin mikla virkni í norðurjaðri Bæjarfjalls og suðurenda Tjarnaráss gæti bent til þess að jarðhitavirknin þarna tengist hliðrun með A-V stefnu. Þessi hliðrun tengist aðalsiginu á sprungusveimnum sem myndar belti með stefnu frá Þeistareykjum yfir Stórahver að ummyndunarskellum við Mælifell (Kristján Sæmundsson, 2007). Engar sprungur hafa þó sést á yfirborði með þessa stefnu.


Á milli Bæjarfjalls og Ketilfjalls er jarðhiti neðst í brekkunni neðan við Bóndhólsskarð (mynd 2). Parna kemur upp nokkur gufa úr hrauni og í jarðvegi er hitinn á gufunni allt að 70°C. Svæðið er að mestu gróið (gras og mosi). Stærð þess er um 50 x 30 m. Svæðið kemur fram á hitamyndum 5 (sjá mynd 5, grænn blettur hægra megin við Neðri-Bóndhól).



Mynd 14. Jarðhitinn í norðanverðu Bæjarfjalli kemur aðallega fram á tveimur línum með N-S stefnu. Eystri línan er breiðari og sést hér á miðri mynd en vestari línan er lengra til hægri, sunnan Þeistareykjaskála (sæluhús). Nánast samfellt hverasvæði er á milli eystri og vestari línunnar í hliðarfætinum og tengist það mögulega A-V hliðrun.



Mynd 15. Jarðhitinn á eystri línunni í norðanverðu Bæjarfjalli einkennist af mikilli ummyndun í leir og fjölda gufu-, leir- og brennisteinshvera (ljósir blettir).



Hitamyndir 4. Norðurhlíð Bæjarfjalls. Jarðhitinn kemur vel fram á myndunum en svæði með hæstum hita (20–30°C) tengjast brennisteins- og leirhverum. Myndirnar eru teknar rétt austan við ÞG-9 og eru teknar frá suðaustri til suðvesturs (sjá mynd 2, myndatökustaður 3).



Mynd 16. Jarðhitinn í norðanverðu Bæjarfjalli og á grundinni fyrir framan fjallið. Jarðhiti við Neðri-Bóndhól er á miðri mynd. Neðst á myndinni glittir rétt í borteig C fyrir holur ÞG-3, ÞG-6 og ÞG-7. Myndin er tekin ofan af toppi Ketilfjalls.



Mynd 17. Brennisteinshverir á Neðri-Bóndhól. Bóndhólsskarð í baksýn. Þó nokkur gufuvirkni er á hólnum.




Mynd 18. Sléttan fyrir neðan Neðri-Bóndhól. Þarna er töluverð gufu- og leirhveravirkni.



Mynd 19. Neðri-Bóndhóll og sléttan norðvestan við hann. Mikla brennisteinsvirkni er að finna á toppi hólsins en gufu- og leirhveravirkni er áberandi á sléttunni.



Mynd 20. Svæðið 150 m norðan við Neðri-Bóndhól. Hér er lítils háttar gufuvirkni úr hraunkolli. Sölnandi mosagróður er rétt við mesta hitann.



Hitamyndir 5. Jarðhitinn norðan við Bæjarfjall. Hitamyndirnar eru teknar ofan af fjallinu til norðurs, frá norðvestri til norðausturs (mynd 2, myndatökustaður 4) en heitustu svæðin sem koma fram sem rauðir og hvítir blettir falla að svæðum með gufu- og leirhverum sem og brennisteinsþúfum. Á síðustu hitamyndinni má sjá DG-7 í blæstri efst á mynd en fyrir miðri mynd er Neðri-Bóndhóll.

2.1.5 Ketilfjall

Við rætur Ketilfjalls eru volgar laugar sem eru afrennsli upphitaðs grunnvatns frá hitagjafa undir fjallinu (mynd 2). Laugarnar koma fram á um 500 m langri línu með NNA-læga stefnu. Hitinn í laugunum var frá 19–37,5°C (mynd 28) og rennsli mjög lítið (áætlað < 1 l/s samtals frá 6 laugum). Í laugunum kringum frárennslið var grænt slý (stundum brúnt). Mesti hitinn mældist í laugum sem eru syðst á laugarlínunni. Í skýrslu Gests Gíslasonar (1984) er hitinn í laugunum sagður frá 11,8–41,7°C og Kristján Sæmundsson (2007) nefnir að laugarnar séu frá 30–40°C heitar. Háhitaummerki (>90°C) er þó á þremur stöðum í og við fjallið.

Uppi í miðjum vesturhlíðum Ketilfjalls er mest áberandi jarðhitastaðurinn. Þar eru bæði gufu- og leirhverir og brennisteinsþúfur. Nokkurt gufustreymi er á þessum stað bæði frá gufuaugum og brennisteinsþúfum. Hitinn þarna var >95°C. Svæðið myndar tvo belgi sem tengjast saman, sá syðri er mun stærri, en saman mynda þeir ljósa línu í fjallinu (myndir 21–22).

Jarðhiti er norðan og sunnan við borteig holna ÞG-3, ÞG-6 og ÞG-7. Nyrðra svæðið er mun stærra með brennisteinsþúfum og gufu- og leirhverum (þó nokkuð vatn, mynd 23) með töluverðri virkni auk leirummyndunar sem er að mestu köld, hringlaga skál (gamall leirhver) með ljósri leirummyndun sem var þó með smá velgju. Hiti var undir 50°C (mynd 24).

Vestar á sléttunni við jaðar ummyndaða svæðisins er svæði með stökum jarðhitaskellum (hrúgöldum, >90°C) þar sem brennisteinsþúfur eru eingöngu en lítill sem enginn hiti á milli þeirra (mest <20°C, mynd 25). Er þetta í samræmi við kort Kristjáns Sæmundssonar frá 2007 (mynd 2).

Sunnan borteigs holna ÞG-3, ÞG-6 og ÞG-7 er nokkuð áberandi jarðhiti vestanvert í lágum hól (mynd 26) en þarna er heit jörð með gufuaugum (lítill virkni) og leirummyndun. Virknin þar virðist vera að breiðast út þar sem víða má sjá sölnaðan gróður (mynd 27) en hitastig innan flekksins var 70–98°C.



Mynd 21. Jarðhiti í vesturhlíð Ketilfjalls. Gufuhverir og mikill brennisteinn. Í hlíðarfæti fjallsins vestan megin er að finna volgar laugar sem eru afrennsli upphitaðs grunnvatns.



Mynd 22. Áberandi brennisteinsútfellingar á jarðhitasvæðinu í vestanverðri hlíð Ketilfjalls.



Mynd 23. Gufu- og leirhverir (tveir stórir leirhverir) rétt norðan holu ÞG-7 sem sést í blæstri í bakgrunninum. Á þessu svæði er einnig að finna brennisteinshveri.



Mynd 24. Gömul og kulnuð ummyndun og hiti í jörðu ($<50^{\circ}\text{C}$) rétt utan við mesta jarðhitann norðan borteigs.



Mynd 25. Brennisteinspúfur og mikil ummyndun sem einkennist af rauðum og ljósum leir á sléttum vestan Ketilfjalls. Hár hiti ($>95^{\circ}\text{C}$) er staðbundinn við brennisteinspúfurnar en kalt er á milli þeirra ($< 20^{\circ}\text{C}$). Bæjarfjall í suðri.



Mynd 26. Jarðhiti rétt sunnan við borteig ÞG-3, ÞG-6 og ÞG-7 sem einkennist af heitri jörð með gufuaugum og að hluta til leirummyndun. Gufustreymi var ekki mikið en hitinn frá $70\text{--}98^{\circ}\text{C}$ innan flekksins.



Mynd 27. Sölnandi gróður er merki um að jarðhitavirknin sé að breytast eða færast. Lítil gufa en hiti í blettum frá 70–98°C.



Mynd 28. Volgar lindir í hliðarfæti Ketilsfjalls. Mesti hiti er 37,5°C. Bæjarfjall í bakgrunni.

2.1.6 Niðurstöður


Almennt gildir að dreifing jarðhitans á Þeistareykjum sumarið 2012 er áþekk því sem áður hefur verið lýst og birt á jarðhitakortum frá árunum 1984 og 2007. Virknin er mest í norðurhlíðum Bæjarfjalls og við norðanverðar rætur fjallsins en einnig er mikill jarðhiti á Röndum vestan við fjallið sem og syðst á Tjarnarási en sú virkni teygir sig upp í hlíðar Bæjarfjalls. Helstu breytingar frá fyrri athugunum eru að gufu- og leirhverir sem voru efst í Bæjarfjalli austast á virka svæðinu (Kristján Sæmundsson, 2007) voru óvirkir árið 2012. Hvort lágri grunnvatnsstöðu (vegna þurrka) er um kenna eða náttúrulegum breytingum á jarðhitavirkninni verður að koma í ljós á næstu árum. Einnig virðist jarðhitaskella um 2 km norðan við Hitur vera að kólna miðað við mælingar sumarið 2012.

Á tveimur stöðum hefur jarðhitinn teygst sig lengra til suðurs, þ.e. við Hitur og á Röndum en það eru þó smávægilegar breytingar. Þá virðist jarðhitavirkni vera að færast í aukana og breiðast aðeins út á svæðinu sunnan við holur ÞG-3, ÞG-6 og ÞG-7. Fróðlegt væri að skoða betur svæðið við Hitur og þaðan suður að jarðhitinum sem fylgir misgengisstallinum suðvestur fyrir Randir. Á eldri kortum er merkt inn stórt svæði suður af Hitum þar sem snjór hafði leyst að völdum jarðhita. Árið 2012 stóð til að gera snjóafbræðslukort af svæðinu svipað og gert var árið 1984 en vegna gríðarlegs fannfergis strax í september 2012 varð ekkert úr þeirri vinnu. Mikilvægt er að gera nýtt sjóafbræðslukort af Þeistareykjum og bera saman við kortið frá 1984.

2.2 Efnasamsetning gufu úr gufuaugum á Þeistareykjum

2.2.1 Sýnatökustaðir á Þeistareykjum

Sex gufusýnum var safnað á Þeistareykjum þann 12. ágúst 2012. Veður var ágætt til sýnatöku; stillt en mjög hlýtt og gufa því ekki sérlega greinileg nema undir kvöld. Yfirlit um sýnatökustaði er sýnt í töflu 1 og staðsetning þeirra sýnd á mynd 29 ásamt öðrum gufuaugum sem sýni hafa verið tekin úr á Þeistareykjum (Gestur Gíslason o.fl., 1984). Gufuaugum, sem tekin voru sýni úr sumarið 2012, er lýst nánar hér á eftir. Í gagnagrunni ÍSOR eru sýnatökuaugu ársins 2012 á Þeistareykjum kölluð „Þ G-101“ og svo framvegis til að forðast rugling við gufuaugu á öðrum svæðum en í texta og á myndum hér á eftir eru nöfn gufuaugna víða stytt í „G-101“ til einföldunar.



Mynd 29. Gufuaugu á Þeistareykjum. Gufuaugu sem safnað var úr sumarið 2012 (G-101 til G-106) eru sýnd með rauðum táknum.

Tafla 1. *Sýnatökustaðir á Þeistareykjum.*

Sýnanúmer	Nafn auga*	Staðarnúmer	Eldri sýni**	x-hnit	y-hnit	Hæð (m y.s.)	Lýsing
20120182	G-101	H 10182	G-1	593218	599177	357	Í gili við sæluhús
20120183	G-102	H 10183	G-3	594555	599915	465	Í skál í Ketilfjalli
20120184	G-103	H 10184	G-6	592595	598816	343	Syðst í Tjarnarás
20120185	G-104	H 10185	G-12	593646	599170	385	Í stóru flagi norðan Neðra-Bóndhóls
20120186	G-105	H 10186	G-17	592158	598659	340	Á Röndum vestan Bæjarfjalls
20120187	G-106	H 10187	G-10	592014	597999	338	Syðst á Röndum vestan Bæjarfjalls

* Nöfn gufuaugna eru styttn. Fullt nafn í gangagrunni ÍSOR er „p G-101“ o.s.frv.

** Hér er vísað til gufuaugna sem lýst er í skýrslu Gests Gíslasonar o.fl. (1984).

p G-101: Sæmilega öflugt gufuauga í grunnu gili sunnan við sæluhús á slóðum gamla G-1. Hið gamla auga G-1 er nú heillum horfið og því ekki unnt að taka gufusýni þar. G-101 er staðsett aðeins austar en G-1, í leirhólum í lækjarfarveginum. Á þessum slóðum eru allmörg augu sem gætu dugað til sýnatöku. Sjá mynd 30.

p G-102: Öflugt auga í skál í Ketilfjalli á slóðum gamla G-3. G-102 er þó staðsett norðarlega í skálinni en G-3 var í henni sunnanverðri. G-102 var langfýsilegasta augað í skálinni að þessu sinni þó umtalsverð gufa hafi sést víðar. G-102 var eina augað þar sem gufustreymi var vel afmarkað. Sjá mynd 31.

p G-103: Sæmilega öflugt auga í frekar afmörkuðu leirflagi syðst á Tjarnarási á móts við norðvestur horn Bæjarfjalls. Allmörg álitleg augu voru í þessu flagi en það sem var valið er staðsett sunnarlega í flaginu fyrir miðju. Það varð fyrir valinu vegna þess að auðvelt var að komast að því og gufustreymi var fókuserað. G-103 er nálægt gamla G-6. Sjá myndir 32 og 33.

p G-104: Frekar öflugt auga í stóru leirflagi norður af Neðri-Bóndhól. Hið gamla auga G-12 var staðsett í þessu flagi. Mjög mikill brennisteinn er í flaginu og mörg augu komu til greina fyrir sýnatöku. Þetta auga er vestarlega í flaginu og var það valið með tilliti til aðgengis og afmarkaðs (fókuseraðs) flæðis. Sjá mynd 34.

p G-105: Frekar öflugt auga í leirflagi í vesturjaðri ummyndunarrandarinnar sem liggur vestan við Bæjarfjallið (Randir). Þetta auga er á sömu slóðum og G-17. Leirflagið er við leirpytt í brún leirsléttunnar sem liggur lægra en svæðið í kring og hefur gufuvirknin étið sig nokkuð inn í brúnina. Sjá myndir 35 og 36.

p G-106: Vel afmarkað auga syðst í Röndum vestan við Bæjarfjall. Þetta auga er við stóran leirpytt sem rýkur allnokkuð úr. Þá eru nokkrir minni pyttir þarna líka. Hið gamla auga G-10 mun hafa verið á þessum slóðum en aðeins norðar. Sjá mynd 37.



Mynd 30. Sýnataka úr auga Þ G-101 sunnan við skálann á Þeistareykjagrundum.



Mynd 31. Sýnataka úr gufuauga Þ G-102 í hlíðum Ketilfjalls. Í bakgrunni má sjá glitta í Bæjarfjall og skála. Nær má sjá gufustrók frá holu ÞG-7.



Mynd 32. *Sýnataka úr gufuauga Þ G-103 syðst á Tjarnarási, nærri rótum Bæjarfjalls norð-vestanverðum. Myndin er tekin í suðaustur og sést syðsta hitaskellan í Bæjarfjalli í bakgrunni. Einnig má sjá jarðfræðinga að störfum.*



Mynd 33. *Sýnataka úr gufuauga Þ G-103 syðst í Tjarnarási nærri Bæjarfjalli. Í baksýn má sjá steypusiló á borplani ÞG-2. Myndin er tekin til vesturs.*



Mynd 34. Horft yfir leirflag norðan Neðra-Bóndhóls. Vestan (vinstra) megin í flaginu má sjá ílangan, appelsínugulan díl en þar er jarðefnafræðingur að búa sig undir sýnatöku úr gufuauga Þ G-104.



Mynd 35. Sýnataka úr gufuauga Þ G-105 við vesturjarðar ummyndunarsvæðisins á Röndum vestan Bæjarfjalls. Horft er til norðurs og má sjá steypusiló á borplani holu ÞG-2 norðan við bograndi jarðefnafræðing.



Mynd 36. Undirbúningur sýnatöku úr auga Þ G-105. Kraftur augans er kannaður með skóflu. Myndin sýnir vel hvernig gufuvirknin hefur étið sig inn í brún leirsléttunnar.



Mynd 37. Jarðefnafræðingur stendur vinstra megin við gufuauga Þ G-106. Gufa er ekki greinileg á þessari mynd þar sem veður var mjög hlýtt. Í bakgrunni má sjá syðsta stóra leirpyttinn á Röndum.

2.2.2 Gufuefnagreiningar


Gufusýni voru efnagreind á rannsóknarstofu ÍSOR. Styrkur CO_2 og H_2S var greindur með títrun en styrkur H_2 , CH_4 , Ar, N_2 og O_2 var greindur með gasgreini. Styrkur Cl í þéttivatni var greindur með jónaskilju. Samsætuhlutföll vetnis og súrefnis í þéttivatni voru greind hjá Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands. Niðurstöður efnagreininga sýna sem tekin voru á Þeistareykjum sumarið 2012 eru sýndar í töflu 2 og á myndum 38–43 ásamt efnasamsetningu eldri sýna úr sömu augum.

Tafla 2. Efnasamsetning gufusýna frá Þeistareykjum 2012.

Númer	Dagsetning	Staður	CO ₂	H ₂ S	Ar	CH ₄	H ₂	N ₂	O ₂	Cl	δD	δ ¹⁸ O
			mmol/kg	mmol/kg	mmol/kg	mmol/kg	mmol/kg	mmol/kg	mmol/kg	mg/kg	per mille	per mille
20120182	12/8/2012	Þ G-101	75,0	25,9	0,019	0,051	19,9	1,3	0,0	0,18	-110,49	-14,71
20120183	12/8/2012	Þ G-102	170	55,0	0,053	0,943	71,4	3,7	0,0	0,14	-119,69	-12,45
20120184	12/8/2012	Þ G-103	110	38,2	0,024	0,335	15,0	1,8	0,0	0,08	-116,17	-16,72
20120185	12/8/2012	Þ G-104	56,7	23,7	0,012	0,064	14,7	0,7	0,0	0,14	-111,31	-15,5
20120186	12/8/2012	Þ G-105	221	34,4	0,147	1,061	15,7	8,9	0,0	0,09	-119,2	-18,65
20120187	12/8/2012	Þ G-106	60,7	15,6	0,019	0,175	7,5	1,3	0,0	0,14	-117,59	-15,73


Styrkur gastegunda í gufu frá Þeistareykjum með tíma er sýndur á myndum 38–41. Myndir 42 og 43 sýna súrefnis- og vetnissamsætuhlutföll. Efnagreiningar eldri sýna eru fengnar úr gagnagrunni ÍSOR og eru þær sýndar í töflum V-3 til V-8 í viðauka 3. Það er nokkuð misjafnt hve margar efnagreiningar eru til úr hverju auga. Til eru nokkur eldri sýni úr augum G-101, G-102 og G-103 en bara tvö úr G-104, G-105 og G-106. Því er mun minna um síðarnefndu sýnin að segja.

Nokkrar breytingar hafa orðið á styrk gastegunda í gufu úr gufuaugum á Þeistareykjum frá því að fyrstu sýni voru tekin þar árið 1981. Styrkur CO_2 hefur sveiflast nokkuð og mest í G-101 (við læk í gili neðan við sæluhús). Styrkur CO_2 í sýninu sem tekið var sumarið 2012 er þó áþekkur því sem var 1981 og 1991, um 75 mmol/kg, en bæði hærri og lægri gildi mældust á árunum milli 1991 og 2000. Styrkur CO_2 í gufu frá G-102 í Ketilfjalli er nokkru hærri nú en hann var 1981 og 1991. Fyrir 1991 var styrkurinn tæp 140 mmol/kg en er 170 mmol/kg í nýjasta sýninu. Styrkur CO_2 í gufu frá G-103, syðst í Tjarnarási, hefur aftur á móti lækkað, var rúm 211 og 560 mmol/kg 1981 og 1982 en er nú um 110 mmol/kg mg/kg. Styrkur CO_2 í hinum augunum þremur hefur breyst minna milli 1981 og 2012, innan við 50 mmol/kg, þótt auðvitað sé ekkert hægt að segja um sveiflur sem kunna að hafa orðið innan tímabilsins.




Mynd 38. Styrkur CO_2 í gufu frá gufuaugum á Þeistareykjum.

Styrkur H_2S í gufu úr gufuaugum á Þeistareykjum hefur sveiflast heldur minna en styrkur CO_2 ef frá er talið sýni frá 1995 þar sem styrkur er næstum fjórum sinnum meiri en í flestum eldri og yngri sýnum (sjá mynd 39). Yfirleitt er styrkur H_2S mestur í G-102 (Ketilfjalli) og þá í G-103 á Tjarnarási.




Mynd 39. Styrkur H_2S í gufu frá gufuaugum á Þeistareykjum.

Styrkur H_2 í gufu frá gufuaugum á Þeistareykjum (mynd 40) hefur verið stöðugur með tveimur undantekningum. Í fyrsta lagi koma fram nokkrar sveiflur í styrk H_2 í G-101 milli 1990 og 2000. Sveiflur í styrk H_2 í G-101 eru úr fasa við breytingar á styrk CO_2 og H_2S í gufu úr sama auga á þessu tímabili. Í öðru lagi virðist styrkur H_2 fara jafnt og þétt hækkandi í G-102 í Ketilfjalli.




Mynd 40. Styrkur H_2 í gufu frá gufuaugum á Þeistareykjum.

Það er ekki ástæða til að fjölyrða um styrk N_2 sem sýndur er á mynd 41. Þar ber hæst að styrkur N_2 í augum 105 og 106 virðist hafa lækkað en það stafar líklegast af andrúmsloftsmengun í eldri sýnunum. Að öðru leyti er ekki að sjá dramatískar langtímabreytingar í styrk N_2 en árið 2012 var styrkur N_2 innan við 10 mmol/kg í öllum sýnum.




Mynd 41. Styrkur N_2 í gufu frá gufuaugum á Þeistareykjum.

Samsætuhlutföll súrefnis og vetnis í gufu frá Þeistareykjum eru sýnd á myndum 42 og 43. Eldri samsætugögn eru eingöngu til úr G-1, G-3 og G-6 (G-101, G-102 og G-103). Í elstu sýnum var aðeins greint hlutfall $^{18}O/^{16}O$ ($\delta^{18}O$) en hlutfall $^2H/^1H$ (δD) var greint í sýnum sem safnað var eftir 1994. Í sýnum fram til 1993 breyttist $\delta^{18}O$ lítið eða hækkaði lítillega eins og kemur fram á mynd 41. Árið 1994 snarlækkar $\delta^{18}O$ í G-1 og δD einnig en í minna mæli. Næstu árin hélt þessi lækkun áfram og kom þá skýrar fram í G-3 og G-6. Árið 1997 virðist þessi lækkun á bæði $\delta^{18}O$ og δD hafa stöðvast. Heldur hærri $\delta^{18}O$ gildi mældust í sýnum sem tekin voru sumarið 2012 en í sýnum frá 1994 fyrir utan sýni úr G-105 en þar mældist $\delta^{18}O$ gildi sem er sambærilegt við það lægsta sem mældist í augum G-101 og G-103 árið 1997.



Mynd 42. Súrefnissamsætuhlutföll í gufu frá gufuaugum á Þeistareykjum.



Mynd 43. Vetrissamsætuhlutföll í gufu frá gufuaugum á Þeistareykjum.

2.3 Gasflæði um jarðveg á Þeistareykjum

2.3.1 Almennt um gasflæðimælingar

Í jarðhitavökva er ávallt nokkurt magn uppleystra gastegunda. Yfirleitt er CO₂ í mestum styrk en H₂S og H₂ eru einnig algengar jarðhitagastegundir. Þegar gufa myndast við suðu í jarðhitakerfum leita gastegundirnar í gufufasann og gasið fylgir gufunni sem leitar upp vegna lágrar eðlisþyngdar. Hluti gufunnar sem þannig myndast við náttúrulega suðu í jarðhitakerfum leitar út um gufuaugu en stór hluti gufunnar þéttist áður en hún kemst alla leið til yfirborðs. Þetta getur t.d. gerst þegar gufan kemst í snertingu við kalt grunnvatn eða þar sem gufan streymir um gropin jarðveg eða berggrunn og streymið er ekki nægjanlegt til að hita umhverfið að suðu. Þegar svo háttar til þéttist vatnsgufan en hluti gassins sem henni fylgir getur haldið áfram ferð sinni til yfirborðs.

Rannsóknir á jarðhitasvæðum víða um heim hafa sýnt fram á að stærstur hluti gassins frá jarðhitakerfum leitar út um jarðveg en mun minna leitar út um gufuaugu (Werner o.fl., 2000; Werner og Brantley, 2003; Favara o.fl., 2001; Chiodini o.fl., 2005; Fridriksson o.fl., 2006). Eins og fyrr segir myndast gufan sem ber gasið frá jarðhitageyminum við suðu og því eru mælingar á gasflæði heppileg leið til að fylgjast með breytingum á suðuástandi í jarðhitakerfum. Slíkar mælingar hafa nú verið gerðar á Reykjanesi í nærri því áratug og sýna þær glögglega hvernig suða í jarðhitakerfinu hefur aukist samfara aukinni vinnslu fyrir Reykjanesvirkjun (Fridriksson o.fl., 2010; Auður Agla Óladóttir, 2012).

Kerfisbundnar gasflæðimælingar hafa verið gerðar á fjórum jarðhitasvæðum á Íslandi utan Þeistareykja; á Reykjanesi, á Hengilssvæði, í Námafjalli og í Kröflu (Fridriksson o.fl., 2006; Auður Agla Óladóttir, 2012; Hernández o.fl., 2012; Ármannsson o.fl., 2007). Á Reykjanesi og í Kröflu hefur tölfræðilegum aðferðum verið beitt til að greina á milli gasflæðis frá jarðhita annars vegar og gasflæðis frá líffræðilegri virkni (þ.e. rotnun) í jarðvegi hinsvegar. Þar hefur meðalgildi gasflæðis vegna jarðhitavirkni numið 112 og 115 g/m²/dag en bakgrunnsgildi frá lífrænum jarðvegi hefur verið að meðaltali verið 4,1–6 g/m²/dag (Fridriksson o.fl., 2006; Ármannsson o.fl., 2007).

Við gasflæðimælingar á íslenskum jarðhitasvæðum hafa verið notaðar svokallaðar pottmælingar en sú aðferð kallast á ensku „the closed chamber method“. Í stuttu máli er mælirinn samsettur af potti sem lagður er á hvolf á jörðina og dælu sem dælir lofti úr pottinum í CO₂-nema og skilar því svo aftur í pottinn. CO₂-neminn mælir stöðugt styrk CO₂ í pottinum og ef gas flæðir upp um jarðveginn vex styrkurinn í pottinum jafnt og þétt og því hraðar sem gasflæðið er meira. Hallatalan á ferli koldíoxíðstyrks á móti tíma er mælikvarði á gasflæðið. Rannsóknir hafa sýnt að þessi aðferð er ábyggileg og endurteknar mælingar gefa sambærilegar niðurstöður frá einum degi til annars nema þegar jarðvegur er blautur eftir mikla úrkomu en þá getur flæðið minnkað tímabundið (Granieri o.fl., 2003). Þessi aðferð er fljótleg (2–3 mínútur á hverjum stað) og örugg og er mjög útbreidd við mælingar sem þessar á jarðhitasvæðum og eldfjöllum víða um heim.

2.3.2 Gasflæðimælingar á Þeistareykjum

Gasflæði um jarðveg var mælt á 374 stöðum á Þeistareykjum dagana 9., 10. og 11. ágúst 2012 (sjá mynd 44). Markmið þessara mælinga var að skilgreina náttúrulegt gasflæði um jarðveg á svæðinu áður en vinnsla hefst úr jarðhitakerfinu. Gögn þau sem safnast með þessum mælingum verða borin saman við niðurstöður mælinga sem gerðar verða síðar. Ef nýting

jarðhitans veldur breytingum á yfirborðsvirkni verður unnt að nota þennan samanburð til að leggja magnbundið mat á breytingarnar.


Mælt var á tveimur löngum mælilínunum og lá önnur frá norðri til suðurs eftir Tjarnarási og suður eftir Röndum, vestan Bæjarfjalls. Hin lá frá austurhlíðum Bæjarfjalls, niður Bóndhóls-skarð, um Þeistareykjagrundir og Tjarnarás sunnanverðan og allt vestur að Stórahver. Að auki voru gerðar mælingar á óreglulegri línu sem lá upp og niður eftir virka svæðinu í Bæjarfjalli norðanverðu, og norðaustur að Ketilfjalli (sjá mynd 44). Auk mælinga á gasflæði var hitastig mælt á 15 cm dýpi á nánast öllum mælistöðum og yfirborðsgerð og gróðri lýst stuttlega. Veður var þurrt þegar mælt var og dagana á undan og því ekki ástæða til að ætla að jarðvegskraki hafi haft áhrif á niðurstöðurnar.

Mælingar voru yfirleitt gerðar með 25 m millibili á mælilínunum en 50 m voru á milli mælinga við jaðra mælisvæðisins. Leitast var við að þræða þau svæði þar sem jarðhitaummerki sjást á yfirborði því að þar er líklegast að breytinga verði vart í framtíðinni en engu að síður var gasflæði mælt á fjölda staða þar sem engin merki sjást um jarðhita. Með jarðhitaummerkjum er átt við leirummyndun á yfirborði, gufuaugu og leirhveru eða jarðvegshita yfir 25°C.

2.4 Niðurstöður gasflæðimælinga


Niðurstöður gasflæðimælinga eru sýndar á myndum 44 og 45 en hnit mælistaða og lýsingu á þeim eru birt í töflu V-2 í viðauka 2. Rúmlega helmingurinn af mælistöðunum 374, eða 192, var á stöðum þar sem jarðhitaáhrifa gætti, þ.e. annaðhvort mátti sjá þar ummyndun eða að hiti var yfir 25 gráðum í jarðvegi. Gasflæði á þeim stöðum sem áhrifa jarðhita gætti var á bilinu 0,2–820 g/m²/d en meðaltal og miðgildi voru 18,2 og 1,6 g/m²/d. Til samanburðar voru meðaltal og miðgildi fyrir þá 181 mælistaði þar sem jarðhitaáhrifa gætti ekki 7,5 og 5,0 g/m²/d. Ef þessi gildi eru borin saman við niðurstöður frá Reykjanesi og Kröflu sést í fyrsta lagi að gasflæði frá stöðum þar sem jarðhitaáhrifa gætir á Þeistareykjum er mjög lágt en sambærileg gildi fyrir Reykjanes og Kröflu eru rúmlega 100 g/m²/dag. Þá er einnig mjög athyglisvert að sjá að miðgildi fyrir gasflæði þar sem jarðhitaáhrifa gætir er talsvert lægra en miðgildið fyrir svæði þar sem slíkra áhrifa gætir ekki. Þetta þýðir með öðrum orðum að það eru meiri líkur á að fá lægra gasflæðigildi á jarðhitaskellu en á venjulegum grasbala á Þeistareykjum. Samanburður við Reykjanes og Kröflu sýnir einnig að bakgrunnsgildi á Þeistareykjum eru heldur hærri en á Reykjanesi og í Kröflu en það gæti stafað af því að jörð er mjög vel gróin á Þeistareykjum og jarðvegur þykkur. Einnig gætu hin miklu hlýindi sem voru þegar mælingar voru gerðar átt sinn þátt í háum gasflæðigildum á grónu landi.

Mynd 44 sýnir staðsetningu mælistaða sem punkta á korti og ræðst litur punktanna af mældu gasflæði. Dökkbláir og ljósbláir punktar sýna staði þar sem gasflæði er á sama bili og búast má við á vel gróinni jörð; dökkbláir punktar sýna staði þar sem gasflæðið var á bilinu 0–10 g/m²/d og ljósbláir punktar tákna gasflæði á bilinu 10–20 g/m²/d. Yfirgnæfandi meirihluti mælinga, eða 343, lentu í þessu tveimur flokkum. Gasflæði yfir 50 g/m²/d mældist á aðeins 8 stöðum. Hæstu mæligildin fengust á jarðhitaskellum norðan í Bæjarfjalli og vestan undir Ketilfjalli. Mjög lítið gasflæði mældist á útkulnuðum jarðhitaskellum á Tjarnarási sem og í leirflögunum á Röndum vestan Bæjarfjalls þó að þar sé talsverð jarðhitavirkni. Almennt má segja að mælt gasflæði á virkum jarðhitasvæðum á Þeistareykjum sé mjög lítið samanborið við gasflæði á jarðhitaskellum á Reykjanesi (Fridriksson o.fl., 2006) og í Kröflu (Ármannsson o.fl., 2007) þrátt fyrir að yfirborðsvirkni á Þeistareykjum sé hvorki daufari né umfangsminni.



Mynd 44. Niðurstöður mælinga á gasflæði um jarðveg á Þeistareykjum í ágúst 2012.

Mynd 45 sýnir mælt gasflæði og mældan hita á 15 cm dýpi í jarðveginum. Þar sést greinilega að á mörgum þeirra staða sem báru merki jarðhita er jarðvegshiti lágur, eða undir 20°C. Þetta á við um marga staði með kaldri leirummyndun. Ennfremur sýnir myndin glögglega að lág gasflæðigildi eru mjög algeng á stöðum þar sem jarðhitaáhrifa gætir. Þannig er nokkuð algengt að gasflæði á stöðum með jarðhitaummerkjum mælist undir 1 g/m²/d en svo lág gildi eru sjaldgæf fyrir staði án jarðhitaummerkja. Líklegasta skýringin á þessu er að þar sem jarðhitaáhrifa gætir á Þeistareykjum er jarðvegur mjög leirkenndur og þéttur. Í jarðhita-leirnum er heldur ekki eins mikið lífrænt efni og í jarðvegi þar sem land er gróið en lífræna efnið gefur frá sér CO₂ við niðurbrot. Mynd 45 sýnir líka að langflest gasflæðigildi á stöðum með jarðhitaáhrifum eru á sama röli og á stöðum án jarðhitaáhrifa. Hæsta gildi sem mældist á stað án jarðhitaáhrifa var 30 g/m²/d en einungis á 13 af 192 mælistöðum þar sem jarðhitaáhrifa gætti var flæðið meira.



Mynd 45. Gasflæði um jarðveg og jarðvegshitastig á Þeistareykjum í ágúst 2012.


Eins og rakið hefur verið hér á undan er gasflæði um jarðveg á Þeistareykjum minna en almennt gerist á öðrum íslenskum jarðhitasvæðum þar sem sambærilegar mælingar hafa verið gerðar. Mælingarnar sem gerðar voru sumarið 2012 á Þeistareykjum ná yfir öll helstu svæði þar sem jarðhitaummerkja gætir. Ef gasflæði um jarðveg mun aukast í framtíðinni, hvort heldur sem er af náttúrulegum orsökum eða vegna nýtingar á jarðhitakerfinu, munu þau gögn sem nú hefur verið safnað nýtast við að leggja magnbundið mat á þær breytingar.

3 Krafla

Á Kröflusvæðinu hafa verið gerðar fjölmargar rannsóknir á jarðhita og eldvirkni. Fyrstu heildstæðu rannsóknirnar hófust árið 1969 í áætlun um nýtingu jarðhitans (Sveinbjörn Björnsson, 1969) og niðurstöður þeirra birtar í rannsóknarskýrslu árið 1971 (Guðmundur Guðmundsson o.fl., 1971). Jarðhitakort Kristjáns Sæmundssonar (Kristján Sæmundsson 2008; Anette Mortensen o.fl., 2009) er notað sem grunnur að athugunum okkar nú sem og eftirlitsskýrslur Jóns Benjamínssonar (1985; 1999) og Jóns Benjamínssonar og Trausta Haukssonar (1988; 1990; 1994; 1995; 1998; 2000; 2001; 2004; 2008; 2009; 2010; 2011) þar sem einnig er fjallað um jarðhitavirkni á Námafjallssvæðinu.

3.1 Yfirborðsvirkni í Kröflu

Skipting svæða á Kröflusvæðinu í gengum tíðina hefur verið í nokkuð föstum skorðum. Skipting svæðanna er eftirfarandi: Leirbotnar, Leirhnjúkur, Vítismór, Vítissvæðið, Hveragil, Vesturhlíðar og Suðurhlíðar. Þessum svæðum hefur verið lýst áður í reglulegu eftirliti (Jón Benjamínsson og Trausti Hauksson, 2011). Að auki var farið á svæði í jaðri Kröflu, þ.e. Hvít-hóla, Hrafninnuhrygg og Sandabotnahrygg, til yfirlits en enga virkni var að sjá nema í Hvít-hólum. Dagana 15.–17. ágúst 2012 var farið yfir flest svæðanna og yfirborðsvirkni athuguð. Önnur svæði voru skoðuð lauslega og ljósmynduð og hitamyndir teknar. Staðsetning og stefna hitamyndatökustaða er sýnd á jarðhitakorti frá Kristjáni Sæmundssyni (mynd 46). Kortið byggist á jarðhitakorti frá 2008 að viðbættum gjóskugeira Vítis frá 1724 og nákvæmari afmörkun á ummyndun umhverfis Hveragil.



Mynd 46. Jarðhitakort af Kröflu. Athuganir sumarið 2012 sýndu óverulegar breytingar frá fyrri tíð. Vítisgjóskan liggur suður frá Víti og sýnir kortið jafnþykktarlínur miðað við 1 og 5 m þykkt gjóskunnar.

3.1.1 Leirbotnar

Á svæðinu við Leirbotna var aðeins litið yfir svæðið en ekkert gufustreymi var sjáanlegt 2012 frekar en undanfarin ár. Í skýrslu Jóns Benjamínssonar og Trausta Haukssonar (2011) er þess getið að árið 2010 hafi ekki verið sjáanleg gufa í Leirbotnum. Ekki voru gerðar beinar mælingar en notast var við hitamyndavél að kvöldlagi og sáust lítil merki um hitauppstreymi frá svæðinu á myndunum (hitamyndir 7, myndir 3 og 4). Neðan við KJ-9 og í Hveragilsrana eru hitablettir og greinileg velgja þar, þótt ekki hafi gufað upp frá svæðinu (hitamyndir 7, myndir 2 og 3).

3.1.2 Leirhnjúkur

Jarðhiti á Leirhnjúkssvæðinu einkennist af leirhverum og gufuaugum. Leirummyndun og brennisteinn eru víða áberandi en jarðhiti er einnig greinilega undir nýjum hraunum þó vart sjáist ummyndun. Sést það t.d. á því hvernig mosi vex hraðar þar sem hiti er undir hraunum (greinilegt frá göngustígnum frá Leirhnjúk norður í gíginn Hóf).

Jarðhiti og ummyndun í Leirhnjúk sjálfum er mikil og eru margir leirhverir utan í hnjúknum eins og greinilega má sjá frá göngustígnum. Smá gufa kemur upp úr kolli Leirhnjúks. Svæðið við útsýnispallinn í norðaustanverðum Leirhnjúk var með rólegra móti, ekki mikil gufa og virkni í leirskálinni lítil, og skálin vatnsfyllt nyrst (mynd 47).

Í stórum gíg frá Kröflueldum norðanvert í Leirhnjúk stíga gufur víða upp og mældist hitinn í gufuaugunum 2012 yfir 90°C. Auk þess eru brennisteinsblettir áberandi.

Sjá má gufu stíga upp úr holum í nýja hrauninu norðan og norðvestan við gíginn Hóf. Þar kom upp hraunspýja í upphafi Kröfluelda í desember 1975 en einnig síðar (mynd 48). Hitinn á gufunni í hrauninu var frá 25–60°C.




Mynd 47. *Leirhnjúkur. Hveravirkni er einna mest við hnjúkinn austanverðan. Heit jörð með gufu- og leirhórum. Einungis vatn er í skálinni við útsýnispallinn. Gufuop eru öll frekar máttlítil 2012.*



Mynd 48. *Gufuvirkni í gossprungunni frá Kröflueldum 1975–1984. Leirhnjúkur í baksýn.*

Engan virkan jarðhita er að finna á hinum mjög svo ummyndaða Litla-Leirhnjúk vestan nýja hraunsins (sjá jarðhitaskellu norðvestan Leirhnjúks á mynd 57).

Austurhlíðar Leirhnjúks voru hitamyndaðar frá borteig holu IDDP-1 (hitamyndir 6). Samkvæmt myndunum tengist hæsti hitinn gufuvirkum svæðum um miðja austurhlíðina og upp á topp hnjúksins, teygist síðan norður eftir hlíðinni og út á sléttuna. Á þessari línu eru gufu- og leirhverir ríkjandi.



Hitamyndir 6. Jarðhitinn í austanverðum Leirhnjúk. Myndirnar eru teknar frá borteig IDDP-1 (myndatökustaður 5 á mynd 46). Vítismór er í forgrunni en þar er engan hita að sjá.

3.1.3 Vítismór

Ummyndunarblettur (leir) er um 500 m NNV við Víti í átt að Hreindýrahól (mynd 46). Enginn hiti mældist þar í jarðvegi árið 2012. Engin önnur jarðhitavirkni er sjáanlega í norðurhluta Vítismós frá Víti til Leirhnjúks (hitamyndir 6) en í suðurhlutanum við og vestur af borteig IDDP, austur að Hveragili og fram á brúnir Hlíðardals er ljós leirumyndun ríkjandi eins og sést á mynd 46 (sjá einnig mynd 57).

3.1.4 Vítissvæði

Allmikil ummyndun (leir) er umhverfis Víti og jarðhitavirkni sum staðar mikil. Helstu gufusvæðin eru norðan, austan og suðaustan við Víti við svokölluð Tvíburavötn (mynd 46). Gufusvæðin mynda heitar skellur þar sem hiti er yfir 90°C (mynd 49).

Gufusýni voru tekin við Tvíburavötn árið 2012 (myndir 50 og 61).



Mynd 49. Jarðhitinn norðan við Viti einkennist af ummynduðum leir- og gufuaugum í heitum skellum.



Mynd 50. Yfirlitsmynd af Tvíburavötnum. Horft til norðvesturs og sést inn í Viti norðvestan vatnanna.

3.1.5 Hveragil

Neðst í Hveragili er allt kolummyndað en virknin er mest í miðju gilsins og austan til í því. Þar er meðal annars að finna öflug gufuaugu, leirhverir og brennisteinsbunka. Litla-Víti er mjög öflugur leirhver (mynd 51) neðst í Hveragili. Rétt neðan við Litla-Víti myndaðist hveraop árið 2009 (Jón Benjamínsson og Trausti Hauksson, 2011), en sumarið 2012 var ekki mikil virkni í því. Á svæðinu gengt Litla-Víti er lítilsháttar gufustreymi úr leirflagi en flagið er allt mjög heitt, 70–98°C (mynd 52). Nokkur virkni er fyrir miðju gili neðan við K-15 á mótis við Jónshver sem er ekki lengur virkur. Einnig bolar gas í lækjarfarveginum og sjá má smá gufuaugu í kringum þetta svæði. Ummyndun er víðast hvar mjög mikil, leir og brennisteinn (myndir 53 og 54) auk víðfeðms gifslags sem sjá má ofarlega í gili. Gifskristallarnir eru vellagaðir, allt upp í 10 cm á lengd og má sjá mosaþræði inni í þeim.



Mynd 51. Litla-Víti. Gufuop sem opnaðist fyrir neðan Litla-Víti 2009 er svo gott sem hætt að blása.



Mynd 52. Virkni á mótis við Litla-Víti. Mikill hiti (70–98°C) en lítil gufa.



Mynd 53. Ummyndun og hveravirkni í Hveragili ofanverðu. Horft til norðurs.




Mynd 54. Hitaskellur í Hveragili.

3.1.6 Vesturhlíðar Kröflu

Vesturhlíðarnar voru aðeins skoðaðar úr fjarska en ekki farið upp í brekkurnar. Virk svæði komu ágætlega fram ofarlega í hlíðunum í hitamyndum sem teknar voru frá Rauðhól (hitamyndir 7). Þó má ætla að virkni í lægðum og smáum skorningum sjáist ekki á hitamyndunum. Einnig skyggði hæðin vestan Hveragils á neðri hlíðarnar. Þær sjást hins vegar ágætlega á mynd 55 sem tekin er af barmi Hveragils og sjást ummynduðu svæðin í vesturhlíð fjallsins vel alveg niður í gilið. Almennt virðist jarðhitavirknin í vesturhlíðum Kröflu ekki vera mikil skv. Jóni Benjamínssyni og Trausta Haukssyni (2011).




Mynd 55. Yfirlitsmynd af vesturhlíðum Kröflu tekin af vesturbarmi Hveragils.



Hitamyndir 7. Vesturhlíðar Kröflu. Myndir teknar til austurs frá Rauðhól (myndatökustaður 6 á mynd 46). Lítill sem enginn hiti sést í efri hluta fjallsins. Nokkur velgja er þó í giljum neðan til en sést illa á myndunum þar sem vesturbarmur Hveragils birgir sýn á neðsta hluta Vesturhlíða. Á myndum 3 og 4 sést jarðhitinn fremst í Hveragili þar sem Litla-Viti blæs. Í framhaldi sést hitinn neðst í suðurhlíðum Kröflu. Leirbotnasvæðið er í forgrunni mynda 3 og 4 og þar sjást lítil ummerki um yfirborðsvirkni en pípulagnir frá borholunum sjást vel. Myndirnar eru teknar frá norðri til suðurs.

3.1.7 Suðurhlíðar Kröflu

Suðurhlíðar Kröflu eru skornar mörgum giljum og úr fjarska má víða sjá ummyndunar-skellur (leir og brennistein). Á hitamynd 8 koma fram nokkrir heitir blettir bæði í giljum og í ílöngum blettum ofan vegar en hitastig var aðeins mælt í nokkrum þeirra. Nálægt veginum á milli Grænutjarnar og Grænalóns eru nokkrir ummyndunarblettir en lítill hiti ($<15^{\circ}\text{C}$). Ofar í hlíðunum var hár hiti ($>90^{\circ}\text{C}$) staðfestur í nokkrum ummyndunarskellum (heit jörð með smá gufuvirkni) eins og t.d. við K-37 og K-16A og við sýnatökustað G-102 þar sem er afmarkað gufustreymi úr einu auga, smá leirumyndun en brennisteinsútfellingar umhverfis gufuop (mynd 57). G-8 er gamall sýnatökustaður í ílöngu leirflagi með brennisteinsútfellingum og lítils háttar gufustreymi (mynd 57).



Hitamyndir 8. Suðurhlíðar Kröflu. Jarðhitinn er í miðri hlíðinni og í giljum neðarlega. Myndirnar eru teknar frá vestri til austurs, frá norðvesturenda Sandabotnafjalls (myndatökustaður 7 á mynd 46).

3.1.8 Hvíthólar

Gufa stígur upp um glufur í hrauni á litlu svæði (6 x 3 m) á milli KJ-22 og KJ-23. Smá hvinur fylgir gufustreyminu. Brennisteinsútfellingar hafa myndast á hraungrýtinu en einnig var grár leir í botni eins opsins (mynd 56). Önnur jarðhitavirkni á yfirborði sást ekki.



Mynd 56. Gufuvirkni við Hvíthóla.

3.1.9 Niðurstöður

Í yfirliti okkar var farið almennt yfir svæðið, ljósmyndir sem og hitamyndir teknar en ekki gert mikið af beinum mælingum. Samanburður við eldri lýsingar á virkni yfirborðsjarðhitans getur því aðeins verið lauslegur hér. Út frá hitamyndatöku virðist virkni í vesturhlíðum Kröflu vera frekar lítil og í Suðurhlíðum er nokkur virkni í stökum og afmörkuðum blettum. Í Hveragili er virkni svipuð og undanfarin ár en þó eru yfirleitt smávægilegar breytingar. Gufuopið neðan við Litla-Víti sem opnaðist með miklum krafti 2009, og hefur verið að dala síðustu ár, var nánast með engu gufustreymi 2012 en hiti er þó enn til staðar. Við Leirhnjúk virðist virknin á hverasvæðinu vera með minna móti 2012 en hún einkennist af gufu- og leirhverum, nokkuð gufaði úr gosgígnum og í gossprungunni norður eftir frá Leirhnjúk. Almennt gildir fyrir Kröflusvæðið að þar hafa litlar breytingar orðið frá lýsingu Jóns Benjamínssonar og Trausta Haukssonar (2011).

3.2 Efnasamsetning gufu úr gufuaugum í Kröflu

3.2.1 Sýnatökustaðir í Kröflu


Þremur gufusýnum var safnað í Kröflu þann 13. ágúst 2012 við ágæt skilyrði. Yfirlit um sýnatökustaði er í töflu 3 og staðsetning þeirra sýnd á mynd 57 ásamt öðrum gufuaugum sem sýni hafa verið tekin úr í Kröflu (Halldór Ármannsson og Trausti Hauksson, 1980). Gufuaugum sem tekin voru sýni úr sumarið 2012 er lýst nánar hér á eftir. Í gagnagrunni ÍSOR eru sýnatökuaugu ársins 2012 í Kröflu kölluð „K G-101“ og svo framvegis til að forðast rugling við gufuaugu á öðrum svæðum en í texta og á myndum hér að neðan eru nöfn gufuaugna víða stytt í „G-101“ til einföldunar.

Tafla 3. *Sýnatökustaðir í Kröflu.*

Sýnanúmer	Nafn auga*	Staðarnúmer	Eldri sýni**	x-hnit	y-hnit	Hæð (m y.s.)	Lýsing
20120188	G-101	H 10188	G-13	601480	581903	575	Ofarlega í stóru flagi í austurhlíð Leirhnjúks
20120189	G-102	H 10189		603649	580421	609	Neðan við veg í Suðurhlíðum
20120190	G-103	H 10190	G-12	603300	581674	593	Við Tvíburavötn austan Vítis

* Nöfn gufuaugna eru stytt. Fullt nafn í gagnagrunni ÍSOR er „K G-101“ o.s.frv.

** Hér er vísað til gufuaugna sem lýst er í skýrslu Halldórs Ármannssonar og Trausta Haukssonar (1980).



Mynd 57. Gufuaugu í Kröflu. Gufuaugu sem safnað var úr sumarið 2012 eru sýnd með rauðum táknum.

K G-101: Gufuauga ofarlega í stóru leirflagi í austurhlíð Leirhnjúks. Efri mörk leirflagsins virðast stjórna af misgengi sem liggur eftir hlíðinni. Mörg álitleg augu eru í flaginu og eins öðru flagi litlu sunnar og ofar í hlíðinni en þetta auga var valið vegna aðgengis og hættu á raski ef farið væri lengra inn á svæðið. Þetta auga er talið vera á sömu slóðum og G-13. Sjá myndir 58 og 59.

K G-102: Frekar kraftmikið auga í lítilli og vel afmarkaðri ummyndunarskellu í suðurhlíðum Kröflu. Allmikil gufa streymir út um augað og er nokkuð af brennisteinsútfellingum í kringum það en minna um leirumyndun. Líklegt má telja að þetta auga sé frekar ungt. Augað er rétt fyrir neðan veginn miðja vegu á milli holu K-16 og K-20. Ekki er vitað til þess að sýni hafi verið tekið á þessum stað áður en það er nærri gufuaugum G-9 og G-8 sem eru fyrir ofan veg (Halldór Ármannsson og Trausti Hauksson, 1980). Ekki var unnt að ná sýni úr gufuaugum ofan vegar að þessu sinni. Þá var mjög lítil gufa á yfirborði á slóðum G-5 neðan við holu K-16. Mynd 60 sýnir gufuauga K G-102.

K G-103: Sæmilegt gufuauga við Tvíburavötn austan Vítis. Augað er við göngustíg fyrir ferðamenn (mynd 61). Hið gamla G-12 mun hafa verið á þessum slóðum (Halldór Ármannsson og Trausti Hauksson, 1980).



Mynd 58. *Leirhnjúkur. Gufuauga K G-101 er staðsett nokkurn veginn fyrir miðri mynd, ofarlega í stærra leirflaginu í hlíðinni og undir móbergsöxlinni sem skagar frekar fersk (grá) upp úr hlíðinni.*



Mynd 59. Sýntaka úr gufuauga K G-101. Horft til norðausturs. Svo virðist sem jaðar virku leirskellunnar markist af misgengi.



Mynd 60. Gufuauga K G-102 í suðurhlíðum Kröflu. Holur K-20 og K-31 sjást í bakgrunni og enn fjær sér í Kröfluvirkjun.



Mynd 61. Gufusýntaka í undirbúningi við gufuauga K G-103 við Tvíburavötn, suðsuðaustan Vitis.

3.2.2 Gufuefnagreiningar


Gufusýni voru efnagreind á rannsóknarstofu ÍSOR. Styrkur CO_2 og H_2S var greindur með títrun en styrkur H_2 , CH_4 , Ar, N_2 og O_2 var greindur með gasgreini. Styrkur Cl í þéttivatni var greindur með jónaskilju. Samsætuhlutföll vetnis og súrefnis í þéttivatni voru greind hjá Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands. Niðurstöður efnagreininga sýna sem tekin voru í Kröflu sumarið 2012 eru sýndar í töflu 4.

Tafla 4. Efnasamsetning gufusýna frá Kröflu 2012.

Númer	Dagsetning	Staður	CO ₂	H ₂ S	Ar	CH ₄	H ₂	N ₂	O ₂	Cl	δD	δ ¹⁸ O
			<i>mmol/kg</i>	<i>mmol/kg</i>	<i>mmol/kg</i>	<i>mmol/kg</i>	<i>mmol/kg</i>	<i>mmol/kg</i>	<i>mmol/kg</i>	<i>mg/kg</i>	<i>per mille</i>	<i>per mille</i>
20120188	13/8/2012	G-101 K	114,8	12,5	0,036	0,605	15,4	2,0	0,0	0,04	-107,46	-15,9
20120189	13/8/2012	G-102 K	508	49,4	0,019	0,266	1,1	1,1	0,0	0,17	-112,6	-16,59
20120190	13/8/2012	G-103 K	533	55,6	0,052	0,422	2,8	2,9	0,0	0,07	-114,17	-18,19


Myndir 62–65 sýna styrk CO_2 , H_2S , H_2 og N_2 í völdum gufuaugum í Kröflu í tímans rás. Nýjustu sýnin voru tekin úr augum G-101, G-102 og G-103 í ágúst 2012 en einnig eru sýnd gögn frá öðrum augum á sömu slóðum og nýju augun. Þar er um að ræða auga G-19 í Leirhnjúk, G-5 í Suðurhlíðum og G-12 við Tvíburavötn austan Vítis. Efnagreiningar eldri sýna eru fengnar úr skýrslum og gögnum Orkustofnunar, Jóns Benjamínssonar og Trausta Haukssonar og Stefáns Arnórssonar o.fl. og eru þær sýndar í töflum V-9 til V-11 í viðauka 3 ásamt tilvitnunum í frumheimildir.

Mynd 62 sýnir að styrkur CO_2 er heldur á niðurleið í gufuaugum í Kröflu. Hæsti styrkur CO_2 í gufu í Kröflu hefur lengst af verið á Vítissvæðinu. CO_2 -styrkur í Suðurhlíðum tók þó nokkurn kipp úr <1000 mmol/kg í >2000 mmol/kg á milli 2000 og 2009 og var á tímabili hærri en í gufu frá Vítissvæði en hefur nú aftur lækkað. Styrkur CO_2 í gufu í Leirhnjúk er á sama róli og verið hefur (<200 mmol/kg) en lækkar þó heldur.




Mynd 62. Styrkur CO_2 í gufu frá gufuaugum í Kröflu frá 1978–2012. Eldri greiningar frá Leirhnjúk, Suðurhlíðum og Vítissvæði eru úr augum G-19, G-12 og G-5.

Styrkur H_2S í gufu frá Kröflu (mynd 63) fylgir sama mynstri og styrkur CO_2 . Styrkurinn er ávallt lægstur í Leirhnjúk og lengst af hæstur við Víti ef frá eru talin nokkur sýni frá tímabilinu 2000–2005. Styrkur H_2S í sýnum frá sumrinu 2012 er ívið lægri en á síðustu árum (10–60 mmol/kg) en þó í öllum tilfellum innan þeirrar spannar sem eldri sýni skilgreina.




Mynd 63. Styrkur H_2S í gufu frá gufuaugum í Kröflu frá 1978–2012. Eldri greiningar frá Leirhnjúk, Suðurhlíðum og Vítissvæði eru úr augum G-19, G-12 og G-5.

Styrkur H_2 í gufu frá Kröflu (mynd 64) er nokkuð frábrugðinn því sem á við um CO_2 og H_2S . Á síðustu árum hefur styrkur H_2 í gufu frá Vítissvæðinu verið mjög lágur samanborið við styrk þess í gufu frá Suðurhlíðum og Leirhnjúk. Styrkur H_2 í gufu á Vítissvæðinu hefur sveiflast nokkuð í gegnum tíðina og var allhár í kringum 1980, eða um 40 mmol/kg, en lækkaði jafnt og þétt til 1990 þegar hann stökk aftur upp fyrir 60 mmol/kg. Síðan hefur styrkur H_2 lækkað á Vítissvæðinu og hann hefur verið undir 10 mmol/kg síðan 2002. Styrkur H_2 í gufu frá Leirhnjúk hefur hegðað sér með öðrum hætti en í gufu á Vítissvæði. Þar var styrkur H_2 nokkuð hár fram undir 1987 þegar hann lækkaði talsvert en hækkaði svo aftur um 1996 og hefur farið heldur hækkanði síðan. Meiri óregla er í styrk H_2 í gufu frá Suðurhlíðum en hann var mun lægri sumarið 2012 en verið hefur á undanförunum árum.



Mynd 64. Styrkur H_2 í gufu frá gufuaugum í Kröflu frá 1978–2012. Eldri greiningar frá Leirhnjúk, Suðurhlíðum og Vítissvæði eru úr augum G-19, G-12 og G-5.

Ekki er að sjá neinar sérstakar langtímabreytingar í N_2 -styrk í gufu í Kröflu (sjá mynd 65). Tilfallandi sveiflur sem sjást í styrk N_2 stafa af andrúmsloftsmengun við sýnatöku. Styrkur N_2 í gassýnum sem tekin voru sumarið 2012 er mjög lágur (<3 mmol/kg).




Mynd 65. Styrkur N_2 í gufu frá gufuaugum í Kröflu frá 1978–2012. Eldri greiningar frá Leirhnjúk, Suðurhlíðum og Vítissvæði eru úr augum G-19, G-12 og G-5.

4 Námafjall

4.1 Yfirborðsvirkni í Námafjalli


Námafjallssvæðið er meira eða minna allt ummyndað og jarðhitavirkni víðast hvar mikil. Yfirborðsvirkni á Námafjallssvæðinu var könnuð 14.–15. ágúst 2012 en stutt lýsing var gerð af svæðinu sem hér er skipt í fimm undirsvæði. Svæðin eru nokkurn veginn í þessari röð frá austri til vesturs: Austurgrundir, Hverir, Námafjall, Bjarnarflag og Jarðbaðshólar. Hita-myndaseríur voru teknar á fjórum stöðum í Námafjalli og eru myndatökustaðirnir sýndir á mynd 66 sem sýnir jarðhitakort Kristjáns Sæmundssonar (2010).



Mynd 66. Jarðhitakort af Námafjallssvæðinu frá 2010. Á kortið eru merktir inn hitamyndatökustaðir.

4.1.1 Austurgrundir


Jarðhiti á grundum austan Námafjalls kemur fyrir í heitum skellum. Skellurnar einkennast af leirumyndun og brennisteinsútfellingum í hrauninu. Skellurnar mynda litlar þúfur í annars svörtu hrauninu (myndir 67 og 68). Hiti í skellum er $>90^{\circ}\text{C}$. Hitamyndir voru teknar af Mið-Kollu á Námafjalli (myndatökustaður 8 á mynd 66) og sýna ágætlega dreifingu jarðhitans á Austurgrundum (hitamyndir 9).



Hitamyndir 9. Austurgrundir. Myndatökustaður 8 (sjá mynd 66).

4.1.2 Hverir

Hverir kallast svæðið við austanverðar rætur Námafjalls og upp í hlíðar fjallsins. Samfelld leirumyndun og brennisteinnur finnst víða. Gamlar borholur, gufa og leirhverir liggja þétt á láglendinu. Virkni er nokkur á svæðinu næst útsýnispöllum og á sléttunni að fjalli, heitar skellur með brennisteini og leirhverum (hiti $>90^{\circ}\text{C}$). Leirhverir eru meira áberandi á norðurhluta svæðisins. Ummyndun (leir) er samfelld upp í hlíðar Námafjalls þar sem brennisteinnur og hár hiti ($>90^{\circ}\text{C}$) finnst í giljum ofan aðaljarðhitasvæðisins (myndir 67–69 og hitamyndir 10 og 11).




Hitamyndir 10. Hverir séðir ofan af Mið-Kollu Námafjalls. Myndirnar eru teknar frá norðri til suðurs (myndatökustaður 8 á mynd 66). Ofarlega til hægri á mynd 4 sést glitta í hita á Austurgrundum.



Mynd 67. *Hverir og jarðhitinn á Austurgrund. Myndin er tekin af Mið-Kollu.*



Mynd 68. *Jarðhitaskellurnar á Austurgrund í forgrunni en austurhlíð Námafjalls myndar bakgrunn og gnæfir Mið-Kolla hæst til vinstri með Syðri- og Ytri-Kolla beggja vegna.*



Hitamyndir 11. Jarðhitinn í Námafjalli austanverðu og á Hverum. Hvítir og rauðir blettir eru heitar skellur með gufu- og leirhverum. Myndirnar eru teknar af útsýnispalli við Hveri, fyrsta mynd beint til suðurs en síðan til vesturs (myndatökustaður 9 á mynd 66).

4.1.3 Námafjall

Á Námafjalli er meira eða minna samfelld ummyndun og brennisteinsskellur og hiti víða. Syðstu sjáanlegu mörk gufuvirkni eru rétt sunnan syðri Kollu en þar eru einnig stöku brennisteinsþúfur. Mynd 66 og myndir 69–72 sýna vel útbreiðslu jarðhitans á Námafjalli. Frá Ytri-Námukollu og til norðurs verður jarðhitavirknin minni en þó koma stakir blettir með hita yfir 90°C. Norðan vegar yfir Námaskarð (norðursvæði) sést framhald af ummyndun og volg jörð á hólum um 150 m (mesti hiti frá 35–39°C) norðan vegar.

Austurhlíð Námafjalls er mjög ummynduð og er töluverð virkni í henni. Á mynd 68 og hitamynd 11 má sjá hina ummynduðu austurhlíð fjallsins. Leirhverir og brennisteinsþúfur eru mjög áberandi ofarlega í fjallinu norðan við Mið-Kollu en þar er þó nokkur gufuvirkni (mynd 69).

Milli Ytri- og Syðri-Námakollu er þó nokkur virkni í heitum skellum (myndir 70 og 71) en þar gufar ekki mikið úr þeim (hiti >90°C). Brennisteinsþúfur sem og gufu- og leirhverir eru í skellunum. Hitamyndir teknar af Syðri-Kollu (myndatökustaður 10 á mynd 66) sýna jarðhitann efst á Námafjalli vestanverðu (hitamyndir 12). Í vesturhlíð fjallsins er virknin minni en á toppi þess og í austurhlíðum. Virknin í vesturhlíðinni kemur skýrt fram á hitamyndum sem teknar voru frá Jarðbaðshólum (myndatökustaður 11 á mynd 66) og sýna heita bletti sem mynda línu ofarlega í fjallinu (hitamyndir 13). Almennt ber athugunum sumarið 2012 vel saman við lýsingar Jóns Benjamínssonar og Trausta Haukssonar (2011).



Mynd 69. Námafjall. Horft ofan af Mið-Kollu til norðurs. Heitar skellur, brennisteinn og leirpyttir.






Mynd 70. Námafjall. Horft til norðurs frá Syðri-Kollu. Umtalsverður jarðhiti er á toppi fjallsins.







Mynd 71. Námafjall. Horft til vesturs. Jarðhitavirknin á toppi fjallsins teygir sig einnig niður í vesturhliðar þess.



Mynd 72. Námafjall. Horft til norðurs frá Ytri- Kollu. Nokkur ummyndun en virkni minnkar til norðurs.

	
1 Jarðhitinn ofan á Námafjalli.	2 Jarðhitinn ofan á Námafjalli.
	
3 Jarðhitinn ofan á Námafjalli. Ytri-Kolla efst hægra megin á mynd.	

Hitamyndir 12. Jarðhitinn ofan á Námafjalli (myndatökustaður 10 á mynd 66).

	
1 Vesturhlið Námafjalls. Holur B-12, B-13 og B-14 til vinstri á mynd.	2 Vesturhlið Námafjalls.
	
3 Vesturhlið Námafjalls, frh. til suðurs	4 Vesturhlið Námafjalls, frh. til suðurs.

Hitamyndir 13. Vesturhlið Námafjalls. Jarðhitinn er einna mestur efst í fjallinu. Í forgrunni á mynd 3 og 4 má sjá hitaspildur í Jarðbaðshólum (myndatökustaður 11 á mynd 66).

4.1.4 Bjarnarflag







Jarðhiti norðan gufuaflstöðvar, í nánd við bakaríið á horninu (Gamla bakaríið og kartöflugarða), á hólum, hryggjum og giljum var skoðaður. Svæðið við bakaríið var allt heitt ($>90^{\circ}\text{C}$) og gufaði töluvert, brennisteinn og leir áberandi. Er þetta í samræmi við lýsingar Jóns Benjamínssonar og Trausta Haukssonar (2011). Jarðhitinn virðist sums staðar vera að breytast/aukast ef marka má mosa og annan gróður sem er að sölna (mynd 74). Þó er hugsanlegt að ástand gróðursins megi skýra með lítilli úrkomu sumarið 2012. Ofan við Gamla bakaríið teygir virknin sig lengra til norðurs eftir misgengi þar sem gróður er að sölna. Gil austan við er með áberandi barma (misgengi) og mismikla jarðhitavirkni beggja vegna þess, auk brennisteins og gufu. Í mynni gilsins er lítill hiti en litlu sunnar, þar sem komið er að lagnakerfi virkjunar, er nokkur jarðhiti (mynd 73). Jarðhitaummerki teygja sig í austurátt að þjóðvegi. Hitamyndir voru teknar frá Jarðbaðshólum (myndatökustaður 11 á mynd 66) og sýna hluta af jarðhitanum við Bjarnarflag (hitamyndir 15).








Mynd 73. Gil austan við „Gamla bakaríið“ og norðan við holu B-9 (mynd 66).



Mynd 74. Ofan við "Gamla bakaríið" er töluverð virkni sem einkennist af heitri jörð ($>90^{\circ}\text{C}$) með gufu og brennisteini. Jarðvegurinn er allur leirummyndaður.

	
1 Jarðböðin og Jarðbaðshólar.	2 Jarðbaðshólar.
	
3 Jarðbaðshólar.	4 Bjarnarflagslón á miðri mynd og gufuaflstöðin lengst til hægri.
	
5 Bjarnarflag. Gufuaflstöðin á miðri mynd.	6 Jarðhitinn norðan gufuaflstöðvar efst og jarðhitinn efst á Námafjalli í forgrunni.

Hitamyndir 14. Myndir teknar frá Syðri-Námakollu til vesturs. Á fyrstu mynd eru Jarðböðin og svo taka Jarðbaðshólar við. Lengra til norðurs sést gufuaflstöðin í Bjarnarflagi og jarðhitinn þar norður af (myndatökustaður 10 á mynd 66).

	
1 Bjarnarflag. Gufuaflostöðin á miðri mynd.	2 Bjarnarflag. Gufuaflostöðin lengst til vinstri.
	
3 Vegurinn upp í Námaskarð. Krummaskarð efst á miðri mynd.	4 Vesturhliðar Námafjalls sunnan Krummaskarðs.
	
5 Framhald af mynd 4, til suðurs. B-12-14 til hægri.	

Hitamyndir 15. Myndir teknar frá Jarðbaðshólum í átt að gufuaflostöðinni (til norðurs) í Bjarnarflagi og svo til austurs upp í Krummaskarð og þá í átt að vesturhliðum Námafjalls (myndatöku- staður 11 á mynd 66).

4.1.5 Jarðbaðshólar

Jarðhitavirkni í Jarðbaðshólum er töluvert frábrugðin annarri virkni á Námafjallssvæðinu þar sem leirhverir og brennisteinsþúfur eru allsráðandi og mikil ummyndun. Við Jarðbaðshóla er ummyndun frekar lítil en þó nokkur velgja stígur upp á nokkrum stöðum, vestan í hólunum sem og austan til í þeim, sem kemur vel í ljós á hitamyndum sem teknar voru ofan af Syðri-Kollu og frá Jarðbaðshólum (hitamyndir 13, myndir 3–4, hitamyndir 14, myndir 1–3, hitamyndir 15, mynd 5).

4.1.6 Niðurstöður

Mesta virknin er við Námafjall austanvert þar sem leir- og gufuhverir eru áberandi sem og á toppi fjallsins en þar myndar meginvirknin minni klasa með gufu- og leirhverum sem og brennisteinsþúfum. Í vesturhlíðum fjallsins er mun minni virkni eins og kemur greinilega fram í hitamyndatökunni. Í Bjarnarflagi er mesta virknin á svæði frá Gufuaflstöðinni og norður fyrir Gamla bakaríð. Sunnan þjóðveggar er nokkur gufuvirkni við Jarðbaðshóla og virðist sem jarðhitastaðirnir hafi ekki breyst mikið frá því sem kemur fram á jarðhitakorti Kristjáns Sæmundssonar (2010) og í lýsingum Jóns Benjamínssonar og Trausta Haukssonar (2011).


4.2 Efnasamsetning gufu úr gufuaugum í Námafjalli

4.2.1 Sýnatökustaðir

Premur sýnum var safnað í Námafjalli þann 14. ágúst í hlýju veðri en hvössum vindi sem ekki þykir sérlega heppilegt til sýnatöku. Yfirlit um sýnatökustaði er í töflu 5 og staðsetning þeirra sýnd á mynd 75 ásamt öðrum gufuaugum sem sýni hafa verið tekin úr í Námafjalli og Bjarnarflagi. Eldri gufusýnatökustaðir á svæðinu eru auðkenndir með þrennum hætti; staðir merktir N-1 til N-20 og H-1 og H-2 eru sýnatökustaðir skilgreindir af Baldri Líndal (Jarðboranir Ríkisins, 1951; Halldór Ármannsson, 1993), staðir merktir A til X eru sýnatökustaðir skilgreindir af Stefáni Arnórssyni og Herði Svavarssyni (1985) og loks eru tveir staðir merktir SA-1 og SA-2 en þar tóku Stefán Arnórsson o.fl. (1995; 1996) gufusýni. Stefán Arnórsson o.fl. (1995; 1996) tóku sýni á mun fleiri stöðum en þeir staðir höfðu flestir verið skilgreindir í eldri rannsóknum. Sýnatökustöðum ársins 2012 í Námafjalli er lýst frekar hér á eftir. Í gagnagrunni ÍSOR eru sýnatökuaugu ársins 2012 í Námafjalli kölluð „N G-101“ og svo framvegis til að forðast rugling við gufuaugu á öðrum svæðum en í texta og á myndum hér á eftir eru nöfn gufuaugna víða stytt í „G-101“ til einföldunar.

Tafla 5. Sýnatökustaðir í Námafjalli

Sýnanúmer	Nafn auga*	Staðarnúmer	x-hnit	y-hnit	Hæð (m y.s.)	Lýsing
20120191	G-101	H 10191	600359	573281	477	Á hrygg Námafjalls norðanverðum
20120192	G-102	H 10192	600469	572994	471	Í gili hátt í Námafjalli austanverðu
20120193	G-103	H 10193	599284	573619	362	Í gili norður af holu B-9 (mynd 66)



Mynd 75. Gufuaugu í Námafjalli og Bjarnarflagi. Gufuaugu sem safnað var úr sumarið 2012 eru sýnd með rauðum táknum.

N G-101: Fremur aumt auga á hrygg Námafjalls norðanverðum. Allnokkrar skellur eru á þessum slóðum og má víða sjá sæmilegt gufustreymi frá þeim. Auðveldlega gekk að fá gufuna til að streyma um söfnunarbúnaðinn en þegar sýnaflaska var tengd við söfnunarrörið koðnaði flæðið niður. Talsvert var leitað að auga sem héldi nægum þrýstingi til að unnt væri að ná sýni en það gekk illa. Að lokum tókst að ná sýni úr einu auganu með aðstoð sogpumpu en niðurstöður efnagreininga benda þó til að sýnið hafi verið lítillega mengað andrúmslofti. Þetta auga er ekki vænlegt sem eftirlitsstaður þar sem nauðsynlegt er að ná sýni reglulega næstu ár (mynd 76).

N G-102: Mjög öflugt auga í gilskorningi hátt í hlíðum Námafjalls. Aðkoma er fremur erfið að þessu auga nema neðan frá um þröngt gilið (myndir 77 og 78). Augað er hinsvegar öflugt og auðvelt að ná sýni þegar komið er á staðinn og þetta ætti því að geta verið áreiðanlegur sýnatökustaður til eftirlitsmælinga til framtíðar. Stefán Arnórsson o.fl. (1995; 1996) tóku sýni á þessum stað 1995 og 1996 (sýni 95-3119 og 96-3136). Þá tóku Jón Benjamínsson og Trausti Hauksson (2010, 2011) sýni úr auga GN-1, sem er skammt frá þessu auga en litlu ofar í fjallinu, árin 2009 og 2010. Þessi staður er einnig á sömu slóðum og staðir N-1 til N-5 frá því 1951 og 1952 (Jarðboranir Ríkisins, 1951; Halldór Ármannsson, 1993).

N G-103: Ágætt auga í grunnu gili sem liggur norður frá holu B-9 í Bjarnarflagi (mynd 75, 66). Augað er í gilbotninum en tengist virkni sem teygir sig upp eftir allri austurhlíð gilsins. Það er staðsett um 200 m frá gilkjafninum við holu B-9. Stefán Arnórsson o.fl. (1995; 1996) tóku sýni á þessum stað 1995 og 1996 (sýni 95-3109 og 96-3145). Þessi staður er mjög nærri sýnatökustað T hjá Stefáni Arnórssyni og Herði Svavarssyni (1985).



Mynd 76. Sýnataka úr gufuauga N G-101 á norðanverðum hrygg Námafjalls. Þessi staður reyndist erfiður til sýnatöku.



Mynd 77. Jarðefnafræðingur sýslar við gufuauga N G-102 ofarlega í gili í Námafjalli austanverðu. Horft til suðvesturs.



Mynd 78. Sýnataka úr gufuauga N G-102. Horft til austurs til Jörundar.



Mynd 79. Jarðefnafræðingur undirbýr sýnatöku úr gufuauga N G-103. Horft til suðurs. Skiljustöð og Bjarnarflagslón í bakgrunni.



Mynd 80. Sýnataka úr gufuauga N G-103. Horft norður eftir gílinu.

4.2.2 Niðurstöður efnagreininga

Gufusýni voru efnagreind á rannsóknarstofu ÍSOR. Styrkur CO_2 og H_2S var greindur með titrun en styrkur H_2 , CH_4 , Ar, N_2 og O_2 var greindur með gasgreini. Styrkur Cl í þéttivatni var greindur með jónaskilju. Samætuhlutföll vetnis og súrefnis í þéttivatni voru greind hjá Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands. Niðurstöður efnagreininga sýna sem tekin voru sumarið 2012 eru sýndar í töflu 6.


Tafla 6. Efnasamsetning gufusýna frá Námafjalli 2012.

Númer	Dagsetning	Staður	CO ₂	H ₂ S	Ar	CH ₄	H ₂	N ₂	O ₂	Cl	δD	δ ¹⁸ O
			<i>mmol/kg</i>	<i>mmol/kg</i>	<i>mmol/kg</i>	<i>mmol/kg</i>	<i>mmol/kg</i>	<i>mmol/kg</i>	<i>mmol/kg</i>	<i>mg/kg</i>	<i>per mille</i>	<i>per mille</i>
20120191	14/8/2012	G-101 N	53	82,1	0,331	0,566	71,6	34,2	0,0			
20120192	14/8/2012	G-102 N	55	62,4	0,030	0,534	96,7	1,7	0,0	0,11	-106,38	-9,39
20120193	14/8/2012	G-103 N	18	11,3	0,050	1,046	3,0	2,5	0,0	0,06	-108,33	-15,62


Myndir 81–84 sýna styrk CO_2 , H_2S , H_2 og N_2 í gufuaugum á Námafjalli sjálfu og í Bjarnarflagi í tímans rás. Nýjustu sýnin voru tekin úr augum G-102 og G-103 í ágúst 2012 en einnig eru sýnd gögn úr öðrum augum af sömu slóðum og nýju augun. Efnagreiningar eldri sýna frá sömu stöðum eru fengnar úr skýrslum Stefáns Arnórssonar o.fl. og Jóns Benjamínssonar og Trausta Haukssonar og eru þær sýndar í töflum V-12 og V-13 í viðauka 3 ásamt tilvitnunum í frumheimildir.

Ýmsir hafa safnað sýnum úr gufuaugum í Námafjalli. Fyrstan skal nefna Bunsen (1851) sem sagði frá sýnum sem safnað var á fimmta tug 19. aldar. Þá rakti Christensen (1889) niðurstöður Johnstrups frá 1871 og Thorkelsson (1910) lýsti sýnum frá 1906. Þá tók Baldur Líndal allmörg sýni 1950–1952 og Stefán Arnórsson og Hörður Svavarsson (1985) skýrðu frá niðurstöðum allmargra sýna. Niðurstöður tveggja þeirra síðasttöldu eru raktar í skýrslu Halldórs Ármannssonar (1993) um efnafræði vökva Námafjallssvæðisins.


Almennt gildir um gassamsetningu í Námafjallskerfinu að styrkur CO_2 , H_2S og H_2 er jafnan hærri í gufu á Námafjalli en í Bjarnarflagi eins og sjá má á myndum 81–84.




Mynd 81. Styrkur CO_2 í gufu frá gufuaugum í Námafjallssvæði frá 1995–2012.



Mynd 82. Styrkur H_2S í gufu frá gufuaugum í Námafjallssvæði frá 1995–2012.



Mynd 83. Styrkur H_2 í gufu frá gufuaugum í Námafjallssvæði frá 1995–2012.



Mynd 84. Styrkur N_2 í gufu frá gufuaugum í Námafjallssvæði frá 1995–2012.

5 Vöktun grunnvatns í Mývatnssveit og Kelduhverfi

Aðdraganda að eftirliti með affallsvatni frá Kröflu- og Bjarnarflagsvirkjunum er lýst í skýrslu Halldórs Ármannssonar og Magnúsar Ólafssonar (2004) en tillögur að eftirliti voru settar fram í skýrslu Halldórs Ármannssonar (2003). Aðferðin byggist á því að fylgjast með „náttúrulegum ferilefnum“ á borð við arsen, sem eru til staðar í margfalt hærri styrk í affallsvatni en grunnvatni. Fyrirkomulag vöktunarinnar var rætt á fundi Umhverfisstofnunar, Landsvirkjunar og ÍSOR þann 15. júlí 2003 þar sem Umhverfisstofnun samþykkti þá tilhögun sem unnið hefur verið eftir undanfarinn áratug (Halldór Ármannsson og Magnús Ólafsson, 2004). Á grundvelli þessa samkomulags hefur grunnvatn í Mývatnssveit verið vakt að tvisvar á ári frá árinu 2004 og niðurstöður hafa verið birtar árlega í skýrslum sem ÍSOR hefur tekið saman fyrir Landsvirkjun (sjá Halldór Ármannsson og Magnús Ólafsson, 2004, 2005, 2006, 2007, 2012; Halldór Ármannsson o.fl., 2008, 2009, 2010, 2011). Í gagnagrunni ÍSOR eru til niðurstöður efnagreininga sem ná talsvert lengra aftur í tímann fyrir suma vöktunarstaðina.

Sá háttur hefur verið hafður á við sýnatöku í Mývatnssveit að starfsmaður Kröflustöðvar hefur tekið sýni fyrri hluta árs og hefur ÍSOR sent þau sýni til ALS Laboratory í Svíþjóð til greininga á snefilefnum og nokkrum aðalefnum. Starfsmaður ÍSOR hefur tekið sýnin að hausti og hafa þau farið í sk. heildargreiningu samkvæmt ofangreindu samkomulagi við Umhverfisstofnun. Á árinu 2012 óskaði Landsvirkjun eftir því að fyrirkomulagi sýnatöku yrði breytt á þann hátt að starfsfólk Landsvirkjunar tæki sýnin, ÍSOR annaðist efnagreiningar á helstu katjónum og snefilefnum en Landsvirkjun greindi anjónir og reikul efni.

Til upprifjunar er hér sett fram samkomulag sem gert var á fundi 15. júlí 2003 milli Umhverfisstofnunar og Landsvirkjunar en þar segir um eftirlit með efnasamsetningu

affallsvatns frá Kröflu- og Bjarnarflagsvirkjunum (t.d. Halldór Ármannsson og Magnús Ólafsson, 2004):

- *Til eftirlits með affallsvatni verður sýnum til heildargreiningar safnað einu sinni á ári en sýnum til snefilefnagreiningar tvisvar á ári úr frárennsli skiljustöðva, Hlíðardalslæk, holum AB-2, LUD-2, LUD-3 og LUD-4 í Búrfellshrauni, niðurfalli frá Bjarnarflagsslóni, Grjótagjá og lindum í Langavogi og Vogaflóa við Mývatn. Gert er ráð fyrir að ÍSOR sjái um söfnun til heildargreiningar en starfsmaður virkjunarinnar um söfnun til snefilefnagreiningar.*
- *Umhverfisstofnun verður árlega send skýrsla með niðurstöðum mælinga. Verði frávik eða óvæntar niðurstöður skal vöktunaráætlunin endurskoðuð í samvinnu við Umhverfisstofnun.*

Á árinu 2012 óskaði Landsvirkjun eftir tillögum ÍSOR um vöktun á grunnvatni á Þeistareykjum og grunnvatnsstraumnum sem þaðan liggur til sjávar í Kelduhverfi. ÍSOR setti fram tillögur um sýnatöku á fjórum stöðum í Kelduhverfi og einni lind og fimm borholum á Þeistareykjum (Magnús Ólafsson og Þórólfur H. Hafstað, 2012). Tillögur ÍSOR um sýnatöku-staði í Kelduhverfi byggðust á gögnum úr rannsóknum Hrefnu Kristmannsdóttur o.fl. á árunum 2007–2009 (Hrefna Kristmannsdóttir og Valur Klemensson, 2007; Hrefna Kristmannsdóttir og Helga Rakel Guðrúnardóttir, 2009; Hrefna Kristmannsdóttir, 2010), sem unnar voru fyrir Landsvirkjun og fyrri rannsóknum ÍSOR og Orkustofnunar (t.d. Þórólfur H. Hafstað, 1989, 2010).

Í þessum kafla verður greint frá niðurstöðum þeirra efnagreininga sem gerðar voru á vatni í tengslum við vöktun grunnvatns í Mývatnssveit og Kelduhverfi árið 2012.

5.1 Mývatnssveit

Hér að framan hefur komið fram að sýnatöku í Mývatnssveit hefur verið þannig háttað undanfarin ár að starfsmaður Kröflustöðvar hefur tekið sýni fyrri hluta árs og starfsmaður ÍSOR hefur tekið sýnin að hausti. Í þeim sýnum sem starfsmaður Kröflustöðvar hefur tekið eru greindar allar helstu katjónir, auk ýmissa snefilefna. Í sýnum sem starfsmaður ÍSOR hefur tekið á haustin er að auki t.d. greint súrustig, anjónir, leiðni, heildarstyrkur uppleystra efna og samsætur vetnis og súrefnis.

Sýnum til efnagreininga er safnað á eftirfarandi tíu stöðum sem eru sýndir á mynd 85:

- Frárennsli skiljustöðvar í Kröflu.
- Hlíðardalslækur við holu AB-2.
- Borholur AB-2, LUD-2, LUD-3 og LUD-4 í Búrfellshrauni.
- Niðurrennsli frá Bjarnarflagsslóni.
- Grjótagjá (karlagjáin).
- Lindir í Langavogi og Vogaflóa við Mývatn.

Starfsfólk Landsvirkjunar safnaði sýnum í Mývatnssveit dagana 20.–27. júní 2012 í fyrsta sinn, og sýnum haustsins dagana 10.–12. október. Sýnum var safnað á öllum tíu stöðunum og í kvennahluta Grjótagjár að auki. ÍSOR annaðist efnagreiningu katjóna og snefilefna og fóru greiningar fram hjá ALS laboratory í Luleå í Svíþjóð. Aðrar efnagreiningar voru gerðar af starfsfólki Landsvirkjunar í rannsóknarstofunni í Kröflustöð. Niðurstöður efnagreininga eru sýndar í töflum 8 og 9.

Á myndum 86–91 eru niðurstöður frá öllum sýnatökustöðum, annars vegar fyrir arsen (As) á myndum 86–89, og hins vegar fyrir ál (Al) á myndum 90 og 91. Á myndum 86–89 eru einnig

sýnd umhverfismörk I og II fyrir arsen í yfirborðsvatni eins og þau eru tilgreind í reglugerð um varnir gegn mengun vatns og verndar lífríki nr. 796/1999. Í reglugerðinni eru sett umhverfismörk fyrir nokkur snefilefni og þeim skipt í fimm flokka. Fyrir arsen eru umhverfismörk I 0,0004 mg/L en umhverfismörk II eru 0,005 mg/L eins og fram kemur í töflu 7 sem sýnir umhverfismörk eins og þau eru tiltekin í reglugerð 796/1999.

Tafla 7. Umhverfismörk fyrir málma í yfirborðsvatni til verndar lífríki (styrkur efna í mg/L).

Umhverfismörk	I	II	III	IV	V
Kopar	≤0,0005	0,0005-3	0,003-0,009	0,009-0,045	>0,045
Zink	≤0,005	0,005-0,02	0,02-0,06	0,06-0,3	>0,3
Kadmíum	≤0,00001	0,00001-0,0001	0,0001-0,0003	0,0003-1,005	>1,005
Blý	≤0,0002	0,0002-0,001	0,001-0,003	0,003-0,015	>0,015
Króm	≤0,0003	0,0003-0,005	0,005-0,015	0,015-0,075	>0,075
Nikkel	≤0,0007	0,0007-0,0015	0,0015-0,0045	0,0045-0,0225	>0,0225
Arsenik	≤0,0004	0,0004-0,005	0,005-0,015	0,015-0,075	>0,075

Skýringar við töflu 7:

Umhverfismörk I: Mjög lítil eða engin hættu á áhrifum.

Umhverfismörk II: Lítil hættu á áhrifum.

Umhverfismörk III: Áhrifa að vænta á viðkvæmt lífríki.

Umhverfismörk IV: Áhrifa að vænta.

Umhverfismörk V: Ávallt ófullnægjandi ástand vatns fyrir lífríki/þynningarsvæði.

Í skýrslu Halldórs Ármannssonar og Magnúsar Ólafssonar (2005) er gerð grein fyrir því hvers vegna ál (Al) er álitlegt sem eftirlitsefni ásamt arseni. Vitað er um eituráhrif þess gagnvart fiski og sett hafa verið mörk um hámarksstyrk þess í neysluvatni. Viðmiðunarmörk áls fyrir styrk í neysluvatni eru víðast á bilinu 100–200 µg/L (0,1–0,2 mg/L) (Srinivasan o.fl., 1999) en hér á landi eru þau 200 µg/L (0,2 mg/L) samkvæmt reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn. Umhverfismörk fyrir ál í yfirborðsvatni til verndar lífríki hafa ekki verið skilgreind hér á landi. Stungið hefur verið upp á slíkum mörkum í Noregi, þ.e. 20 µg/L (0,02 mg/L) fyrir lax en 80 µg/L (0,08 mg/L) fyrir silung (Löfgren og Lydersen, 2002).

Á myndum 90 og 91 er sýndur styrkur áls í vatni frá öllum vöktunarstöðum í Mývatnssveit. Þar eru einnig sýnd umhverfismörk I (0,02 mg/L) og II (0,08 mg/L) samkvæmt tillögum Löfgren og Lydersen (2002) fyrir lax og silung í Noregi. Mynd 90 sýnir niðurstöður mælinga fyrir affallsvatn, AB-2 og LUD-4. Mynd 91 sýnir á hinn bóginn niðurstöður fyrir sýni úr lindum við Mývatn og úr holum AB-2, LUD-2 og LUD-3. Ofangreind umhverfismörk I og II eru sýnd á myndunum.

Í heild er um litlar breytingar í styrk arsens að ræða frá fyrri athugunum. Styrkur arsens er hæstur í affallsvatni frá skiljustöðvunum í Bjarnarflagi og Kröflu. Talsvert flökt hefur verið í styrk arsens í niðurrennisli frá Bjarnarflagslóni, eins og sést vel á mynd 86, allar götur frá því mælingar hófust þar árið 2000. Að meðaltali hefur styrkur arsens í Bjarnarflagslóni verið um 0,18 mg/L en um 0,03 mg/L í affalli frá skiljustöðinni í Kröflu. Hafa ber í huga að sýnatöku er háttað með ólíkum hætti á þessum tveimur stöðum. Sýni af affallsvatni frá skiljustöð í Kröflu er tekið í útfalli við skiljustöð en í Bjarnarflagslóni eru sýni tekin þar sem vatnið í lóninu rennur ofan í gjá í vesturjaðri þess. Affallsvatn frá skiljustöðinni rennur í lónið austast.


Á fjórum vöktunarstöðum er styrkur arsens yfir umhverfismörkum II (mynd 86). Þeir eru Bjarnarflagsslón, skiljustöðin í Kröflu, Hlíðardalslækur við holu AB-2 og hola LUD-4 en í henni liggur styrkur arsens nánast á markalínunni. Styrkur arsens hækkaði lítillega í holu LUD-4 frá því mælingar hófust 2002 fram til 2009/2010 en hefur síðan lækkað (mynd 87). Hann er nú svipaður og hann var 2002–2006. Styrkur arsens í vatni úr holu AB-2 liggur nánast á umhverfismörkum I (myndir 87 og 88) og styrkur þess á öðrum vöktunarstöðum er innan við umhverfismörk I eins og sýnt er á mynd 88 og engin merki sjást um hækkaðan styrk arsens í lindum við Mývatn. Mynd 89 sýnir dæmi um uppgefna skekkju í arsengreiningum fyrir sýni frá skiljustöðinni í Kröflu og úr holu LUD-4.

